

Ágrip íslenskrar húsagerðarsögu fram til 1970



18 Húsaröð við Tjarnargötu í Reykjavík.

Inngangur

Í þessari stuttu samantekt er leitast við að gefa yfirlit yfir íslenska húsagerðarsögu fram til um 1970. Markmiðið með samantektinni er að kynna fyrir almenningi þennan þátt menningarsögu Íslendinga. Einnig er stefnt að því að nota þetta efni við námskeiðahald fyrir iðnaðarmenn sem starfa að viðhaldi eldri bygginga.

Námskeiðahald og útgáfa leiðbeininga um viðhald friðaðra bygginga og annarra bygginga er orðinn snar þáttur í starfi Húsafriðunarnefndar ríkisins. Þekking á sögu byggingarlistar og sjónarmiðum húsverndunar er nauðsynleg svo að unnt sé að stuðla að almennri varðveislu byggingararfs þjóðarinnar.

Aðeins er unnt að friða lítinn hluta þeirra bygginga sem hafa gildi fyrir menningarsögu okkar og byggingarlist. Verndun annarra bygginga verður ávallt að vera í höndum eiganda þeirra og viðkomandi sveitarstjórna. Tilgangur þessa ágríps er einnig að styrkja það starf.

Í ágrípinu er fjallað um byggingar eftir byggingarefni og er því skipt upp í fjóra hluta: torfhús, steinhús, timburhús og steinsteypuhús. Fjallað er um torfhús og steinhús í stuttu máli en áhersla lögð á umfjöllun um timburhús og steinsteypuhús sem er skipt í undirkafla eftir þeim byggingarstíl sem húsin eru byggð í. Dregin eru fram helstu atriði hverrar húsagerðar og sýnd dæmi um þau. Í sumum tilfellum hefur verið hægt að velja dæmi með það fyrir augum að almenningur geti skoðað húsin t.d. á byggðasöfnum eða valin eru dæmi um hús sem hýsa opinbera þjónustu eða stofnanir. Þeir sem áhuga hafa geta því skoðað þau hús utan sem innan til að átta sig betur á sérkennum byggingarlistar þeirra, en önnur hús er einungis hægt að skoða utan frá.

Í stuttri samantekt sem þessari er ekki unnt að gera byggingarsögu okkar ítarleg skil. Margt hefur orðið að víkja sökum þess þrönga ramma sem ágrípinu er sniðinn og mörgum dæmum um hús sem æskilegt hefði verið að fjalla um hefur verið sleppt.

Íslensk byggingarlist er um margt sérstæð. Hún er samofin baráttu þjóðarinnar við náttúruöflin, aðlögun að erfiðum aðstæðum og skorti á byggingarefnum framan af öldum. Erlendra áhrifa fer að gæta hér að ráði um miðja 18. öld með byggingu timburhúsa og steinhúsa. Síðan þá hafa erlend áhrif verið mikil hér á byggingarlist en jafnvægis verið leitað með aðlögun hinna erlendu áhrifa að íslenskum aðstæðum.

Magnús Skúlason framkvæmdastjóra Húsafriðunarnefndar ríkisins og Þorsteinn Gunnarsson formaður Húsafriðunarnefndar ríkisins lásu yfir handrit og bentu á margt sem betur mætti fara. Eru þeim færðar bestu þakkir svo og þeim öðrum er góðfúslega veittu heimild til þess að birtar yrðu ljósmyndir og teikningar þeirra í þessari útgáfu.

Guðmundur L. Hafsteinsson, arkitekt FAÍ


Torfhús




19 Laufás í Eyjafirði.

Inngangur

Allt frá landnámi fram á 20. öld voru torfhús meginhluti húsakosts Íslendinga. Landnámsmennirnir fluttu með sér þá byggingargerð, skálann, sem var algengasta byggingargerð í Noregi, Svíþjóð, Danmörku og skosku eyjunum við upphaf landnáms en byggingarefni húsanna var mismunandi eftir aðstæðum á hverjum stað.



20 Stöng í Þjorsárdal fór í eyði í Heklugosi 1104.



21 Gröf í Örafurum fór í eyði 1362.

Tiltölulega fáar fornleifarannsóknir hafa verið gerðar hér á landi og geta þær því ekki varpað skýru ljósi á þróun torfhúsa né hugsanlegan mismun milli landshluta framan af öldum. Rannsóknir sýna þó að fljótlega er farið að byggja minni byggingar við skálana og um 1450-1550 hefur grunnmynd torfbæja breyst mikið og svonefndir gangabærir koma fram en þar skipast rými sitt hvorum megin við gang sem tengir öll rýmin saman sem algengt var norðanlands. Þeir torfbærir sem varðveist hafa eru flestir frá síðari hluta 19. aldar en sjá má á þeim tölverðan mun eftir landshlutum og innbyrðis. Má ætla að allt frá upphafi Íslandsbyggðar hafi verið munur á byggingarlagi torfhúsa allt eftir aðstæðum á hverjum stað, búskaparháttum, veðurfari og þjóðfélagsaðstæðum.


Skortur á samanburðarefni gerir það erfitt að tímasetja einstakar rústir sem algild dæmi þróunar torfbæja um land allt eða í einstökum landshlutum. Mikilvægt er að unnt verði að stunda hér þróttmiklar fornleifarannsóknir til að varpa frekara ljósi á byggingar- og búskaparhætti á fyrstu öldum byggðar.

Uppbygging torfhúsa

Torfhús eru í raun timburhús, allt frá því að vera einföld burðargrind úr timbri til fullþiljaðra húsa, með útveggi og þak úr torfi. Veggir torfhúsa eru ýmist gerðir úr torfi eða grjóti eingöngu en einnig úr torfi og grjóti. Undirstöður torfveggja eru eitt eða fleiri lög af grjóti sem torfveggurinn er hlaðinn ofan á. Torfið í torfveggi er skorið og stungið eftir ákveðnum hefðum í streng, klömbruhnaus, kvíahnaus og sniddu. Torfveggir og torfþök þarfnast stöðugs viðhalds en endingartími torfveggja er 60 - 100 ár og torfhús hafa því verið endurhlaðin reglulega.


Torfveggir eru tvíhlaðnir og myndar torfhleðslan yfirborð veggjanna en milli hleðslanna er fyllt með vel þjappaðri mold og afskurði frá torfunum. Til að binda veggina saman er strengur lagður þvert í vegginn, kvíahnaus er lagður til skiptis þvert og langsum í hleðsluna og tunga klömbruhnaussins gekk inn í vegginn og farg hans hélt hnausunum á sínum stað.

Grjótveggir eru eins og torfveggir tvíbyrtir og fyllt á milli steinhleðslanna með vel þjappaðri mold. Veggirnir eru hlaðnir að mestu úr ótilhöggnu hraungrýti, holta-grjóti og fleyggrjóti. Oft er strengur settur á milli grjót-laganna til að halda við hleðslugrjótið og til að hindra að mold berist út úr veggjum á milli steinanna.



Strengur

Snidda



Klömbruhnaus



Kvíahnaus



22 Mismunandi torfskurður.

Strengur er skorinn úr efsta lagi torfsins og er um það bil 5 sm þykkur og þynnist út, 20 - 25 sm breiður og 90 - 120 sm langur og þykir besta byggingarefnið. Hnausar eru mun þykkari eða um 20 - 30 sm og því meiri mold í þeim. Þeir skiptast í kvíahnaus sem er ferhyrndur 30 sm breiður, 60 sm langur og 20 - 30 sm á þykkt en klömruhnaus er fleygmyndaður og er kvíahnaus skorinn hornanna á milli. Snidda er tígullaga 30 - 40 sm löng og 20 - 30 sm löng og er notuð í óvandaða vegg, túngarða og þök og snýr grashliðin út og veggirnir eru því grasi grónir. Ýmist er notað torf úr vallendi eða mýri sem er endingarbetra.

Timburgrind torfhúsa skiptist í tvær megingerðir, stafverk sem notað var fram á 18. og 19. öld þegar bindingsverkið leysti það af hólmi. Stafverk er grind byggð upp af stöfum (stöðum), aurstokkum, syllum, bitum og sperrum sem læst eru saman. Í grindina eru felldar þiljur í sérstakar grópir þannig að grindin er ávallt sýnileg, þiljuð eða ekki. Var því vandað til smíði stafverks og það prýtt strikum. Óvandaðri hús voru ekki þiljuð og í þeim voru því ekki aurstokkar. Þök voru einnig byggð með fornu lagi, svonefnd ásapök sem voru ýmist einása, tvíása eða þríása. Á síðari öldum er slík þök að finna í útihúsum, eldhúsum, búrum og öðrum einfaldari húsum.

Bindingsverk er grind byggð upp af aurstokkum, gólfbitum (þar sem gólf voru timburklædd) stöðum, lausholtum, skástöðum, syllum, sperrum og skammbitum eins og þekkist í timburhúsum 18. og 19. aldar.


Þök torfhúsa voru ýmist helluþök eða tróðþök klædd torfi. Helluþök voru lögð á rafta, rennisúð eða fellda reisifjöl. Hellurnar voru lagðar skaraðar á þakið til að veita burt vatni og voru einkum notaðar í úrkomumiklum landsvæðum en kröfðust sterkra víða vegna þyngdar. Undirbygging tróðspaka var með svipuðu sniði, en í tróð var notað hrís og ofan á það lagt þurrkað torf, mold og tyrft yfir.

Gólf í torfhúsum var ýmist þétttroðin mold eða timbur eftir efnum og aðstæðum. Í betri húsum og hjá þeim efnameiri var timburgólf og í þeim stórbýlum sem varðveist hafa er bæði timbur- og moldargólf. Hellur voru einnig notaðar í gólf bæjardyra og fjósa.

Útihús

Útihús voru einnig byggð úr torfi og grjóti, en byggingarlag þeirra virðist lítið hafa breyst í gegnum aldir. Timbur var notað sparlega og dæmi eru um hús sem byggð eru úr torfi eða grjóti eingöngu t.d. fjárborgir.


Árið 1894 var bygging torfbæja bönnuð í þéttbýli. Það ásamt jarðskjálftunum á Suðurlandi árið 1896 og bættum efnahag dró mjög úr byggingu torfhúsa og segja má að bygging þeirra hafi lagst af að mestu undir lok annars áratugar 20. aldar.



23 Stafverk.



24 Bindingsverk.



25 Útlit, þver- og langsnið fjárhúsa sem stóðu á Marbæli í Skagafirði.


Dæmi um torfhús

Keldur á Rangárvöllum

Sunnanlands voru skálar algengir fram á 19. öld en grunnmynd þeirra breytist þá mikið og á skálana voru þá byggðar burstir sem sneru fram á hlað í stað langhliðar skálanna eins og áður var.



26 Keldur á Rangárvöllum.



27 Þverá í Laxárdal.



28 Glaumbær í Skagafirði.

Á Keldum er skáli sem að stofni til er talinn vera frá 17. öld. Skálinn snýr langhlið að bæjarhlaðinu og austan hans eru fjögur hús sem snúa burstum fram, Stóra skemma, Litla skemma, smíðja og hjallur. Bærinn er hlaðinn úr hraungrýti án torflaga. Sambyggt skálanum að austanverðu er íbúðarhús úr timbri byggt eftir jarðskjálftann mikla á Suðurlandi árið 1896. Norður úr skálanum gengur hlóðældhús en austurhluti skálans er búr. Timburgrind skálans er stafverk og hellur eru á öllum þekjum húsanna. Rétt vestan við bæinn stendur timburbyggt íbúðarhús á steinsteyptum kjallara byggt 1937 þegar flutt var úr bænum.

Að bænum liggur tröð frá vestri og sunnan við bæinn er kirkjugarður en í honum stendur bárujárnsklædd timburkirkja sem byggð er 1875. Austan bæjarhúsa eru steinhlaðin útihús, fjós, hesthús og fjárrétt en sunnar eru lambhús.

Þverá í Laxárdal, Suður-Þingeyjarsýslu

Torfbærinn á Þverá stendur í brekku vestan Laxár og er byggður af Jóni Jóakimssyni bónda og hreppstjóra á árunum 1849-70. Bærinn er gott dæmi um norðlenskan gangabæ.

Bærinn snýr 4 sambyggðum burstum í austur og að auki snýr burstin á skemmu sunnan við bæinn einnig fram á hlaðið. Þegar komið er inn í bæjardyr eru bæjargöng fram undan sem tengja saman hin ýmsu hús bæjarins en til sitt hvorrar handar eru suðurstofa og norðurstofa. Innar í bæjardyrum eru búr og eldhús á vinstri hönd og baðstofa innst. Gegnt búri er hlóðældhús með eldiviðar-geymslu inn af.

Úr hlóðældhúsi er innangengt í fjós og brunnhús sem lækur rennur um árið um kring. Þar var mjólk kæld, kúm brynnt og þangað var vatn sótt úr bænum. Nyrsta húsið í frambæjarhúsunum er smíðjan. Framan við bæjarhúsin er kálgarður, að hluta til með steinhlöðnum garði umhverfis eins og kirkjugarðurinn. Suðaustan við bæinn stendur steinhlaðin bændakirkja frá 1878. Í túninu umhverfis bæinn eru fjárhús, hesthús og hlóður hlaðin úr torfi.

Aðrir torfbæir

Hafa verður í huga að þeir torfbæir sem varðveist hafa voru flestir stórbýli í eigu stórbænda eða prestssetur. Má nefna sem dæmi Glaumbær í Skagafirði, Laufás í Eyjafirði, Grenjaðarstað í Aðaldal og Burstarfell í Vopnafirði. Þó eru varðveittir minni bæir til dæmis Galtastaðir fram í Hróarstungu og Selið í Skaftafelli og meðalstórir bæir eins og Árbær í Reykjavík og Nýibær á Hólum í Hjaltadal eru dæmi um.

Torfkirkjur

Grafarkirkja

Torfkirkjan í Gröf, sú sem nú stendur, er endurbygging kirkju sem þar stóð allt frá síðasta fjórðungi 17. aldar. Gröf var í eigu Þorláks Skúlasonar Hólabiskups og síðar sonar hans Gísla. Guðmundur Guðmundsson í Bjarnastaðahlíð skar útskurð kirkjunnar en hann byggði Skálholtsdómkirkju Brynjólfs Sveinssonar. Kirkjan hafði verið notuð sem skemma í tvær aldir þegar hún var endurbyggð um 1950. Voru allir viðir hennar endurnýjaðir og smíðaðir eftir þeim sem voru fyrir í gömlu kirkjunni. Grindarsmíð kirkjunnar er stafverk en þilið er slagþil. Má ætla að grindarsmíð torfkirkna, eins og annarra torfhúsa, hafi verið stafverk eins og í Grafarkirkju allt fram á 18. og 19. öld þegar bindingsverk verður allsráðandi.

Altari og prédikunarstóll eru úr gömlu kirkjunni og eru ríkulega útskorin í barokkstíl eins og kórgrindur og vindskeiðar. Kirkjan er að innanmáli 6,25 m á lengd, 3,20 m á breidd og hæð undir mæni er 3,45 m og tekur hún 30 manns í sæti. Kirkjan stendur í hringlaga kirkjugarði og er kirkjugarðsveggurinn hlaðinn úr torfi. Í klukknaporti fram af kirkjunni hanga tvær klukkur.

Víðimýrarkirkja

Kirkjan á Víðimýri er byggð 1834 af Jóni Samsonarsyni bónda og alþingismanni í Keldudal. Að innan er kirkjan 9,85 m á lengd, 3,92 m á breidd og hæð frá gólfi upp á sperrutopp er 4,28 m. Kirkjan er 7 stafgólf, 3 í kór og 4 í framkirkju sem eru ögn lengri. Grunnmynd kirkjunnar er 2 1/2 ferningur, hæð hennar er jöfn breidd og vegg-hæð er hálf breidd.

Milli kórs og framkirkju er kórþil og framan þess afþiljaðar kórstúkur báðum megin. Við kórþil undir glugga í þekjunni sunnan megin er gamall prédikunarstóll úr fyrri kirkjum á Víðimýri. Framan við kórstúkur eru 6 bekkjaráðir sem settar eru niður í stafgólfa kirkjunnar. Önnur hver bekkjaráð er staðsett við skil milli stafgólfa og er fest við uppistöður sem styðja undir þverbita. Veggir eru klæddir spjaldþiljum sem ganga frá grönnum þilstokkum við gólf upp í miðsyllu og síðan í efstu syllu. Frá efstu syllu upp undir reisifjöl er smáþil. Á sperrum hvíla 4 langbönd hvorum megin og á þeim reisifjöl. Gólf kirkjunnar er klætt timbri.



Á vesturstafni eru tveir fjögurrarúðu gluggar og þilið klætt slagþili og tvöföldum vindskeiðum. Á austurstafni eru tveir sexrúðu gluggar og einn fjögurrarúðu að ofan. Þil eru tjörguð og gluggar og hurð grænmaluð og umbúnaður þeirra rauðbrúnn.

Aðrar torfkirkjur

Á landinu hafa aðeins varðveist 6 torfkirkjur en þær eru, auk þeirra tveggja sem getið er um hér að framan, bænahúsið á Núpsstað, Saurbæjarkirkja í Eyjafirði og Hofskirkja í Öræfum. Þá hefur verið byggð torfkirkja í Árbæjarsafni úr leifum Silfrastaðakirkju í Skagafirði.



29 Grafarkirkja á Höfðaströnd.



30 Grunnmynd, lang- og þversnið Víðimýrarkirkju.

Steinhús



31 Viðeyjarstofa og Viðeyjarkirkja.

Inngangur

Um miðja 18. öld fóru dönsk stjórnvöld að beita sér fyrir eflingu iðnaðar hér á landi. Konungur styrkti hlutfélagið Innréttingar sem Skúli Magnússon, sem var skipaður landfógeti 1749, stofnaði með öðrum 1751. Aðalaðsetur Innréttinganna var valinn staður í Reykjavík og lagði grunn að þéttbýlismyndun þar.

Skúli Magnússon var einnig aðalhvatamaður þess að byggður yrði embættisbústaður fyrir hann í Viðey hlaðinn úr íslensku grjóti. Í anda upplýsingar voru dönsk stjórnvöld því fylgjandi að byggja hús úr varanlegu efni ef það mætti verða til þess að Íslendingar lærðu að byggja varanlegri hús en torfhús. Dönsk stjórnvöld vönduðu mjög undirbúning framkvæmda sinna. Létu þau hæfustu húsameistara sína teikna þau steinhús sem reist voru hér og sendu iðnaðarmenn hingað til lands til að vinna við og hafa umsjón með byggingaframkvæmdum og kenna Íslendingum hið nýja verklag.

Þau steinhús sem dönsk stjórnvöld reistu á 18. öld voru Viðeyjarstofa 1753-55, Hóladómkirkja 1757-63, Bessastaðastofa 1761-67, Nesstofa 1761-63, fangahúsið í Reykjavík (Stjórnarráðshúsið) 1765-70, Viðeyjarkirkja 1766-74, Landakirkja á Heimaey 1774-78, Bessastaðakirkja 1777-1795 og dómkirkjan í Reykjavík 1787-96.

Dæmi um steinhús



Viðeyjarstofa

Bygging Viðeyjarstofu hófst árið 1753 og lauk 1755. Með byggingu steinhússins í Viðey hófst nýr kafli í íslenskri byggingarsögu, nýtt byggingarefni og nýjar byggingaraðferðir voru reynd. Upphaflega ætluðu dönsk stjórnvöld að byggja sameiginlegt hús fyrir stiftamtmanntmann og landfógeta eins og teikningar Nicolaj Eigtved hirðbyggingarmeistara bera með sér en fallið var frá þeim áformum og einnar hæðar hús byggt.

Viðeyjarstofa er í afar látlausum rókókkóstíl sem sést að innanverðu á hurðum og umbúnaði þeirra, loftlistum og gluggagerð en að utan er húsið án skreytingar. Lengd hússins er tvöföld breidd þess og eftir miðju húsinu er steinhláðinn veggur sem gólf- og loftbitar hvíla á. Gluggasetning á langhliðum er samhverf og þak með hálfum valma var klætt timbri í öndverðu. Veggir eru tvíhlaðnir og fyllt á milli þeirra með kalkblönduðum mulningi en steinar í hleðslu kalkfímdir. Veggir voru kalkaðir og borðapakið var tjargað.

Múrsteinshús

Á 19. öld eru byggð tvö hús úr múrsteinum, Laugarnesstofa 1825-26 en var rifin 1898 og amtmannssetrið á Möðruvöllum í Hörgárdal 1828-29 sem brann 1874. Dómkirkjan í Reykjavík var stækkuð úr múrsteinum á árunum 1847-48 eftir teikningum L. A. Winstrups og árið 1866 var byggður stór miðjukvistur á Stjórnarráðshúsið úr múrsteinum. Múrsteinar reyndust illa í íslensku veðurfari og áhugi manna jókst aftur á steinhúsum.



32 Teikningar Nicolaj Eigtved að tveggja hæða húsi fyrir stiftamtmanntmann og landfógeta í Viðey, en aðeins var byggt einnar hæðar hús.




33 Íþaka, bókhlaða Menntaskólans í Reykjavík

Íþaka

Á árunum 1866-67 var Íþaka, bókhlaða Menntaskólans í Reykjavík, byggð eftir teikningum dansks timburmeistarara, C. Klentz að nafni. Sverrir Runólfsson steinsmiður hafði teiknað tillögu að húsinu og lagt fram hugmyndir um nýja aðferð við að hlaða steinhús. Sverrir nam steinsmíði í Kaupmannahöfn og kom til landsins 1860 og hóf áróður fyrir byggingu steinhúsa. Hann lagði til að nota hraunhellur í vegg til að spara tíma við að höggva til hart grágrýtið sem notað hafði verið fram að þessu. Ekki var samið við Sverri um byggingu hússins en honum falið að afla grjóts til byggingarinnar. Bald timburmeistari annaðist byggingu hússins og danskir steinsmiðir unnu að hleðslu hússins. Við byggingu Íþöku voru einnig reyndar fleiri nýjar aðferðir við byggingu húsa en þekkt höfðu hér á landi. Milliloftið er byggt úr stálbitum og múrsteinar múraðir í hvelfingu á milli þeirra og steypar járnútlur styðja undir bitana. Þá er húsið portbyggt, gluggar steyptr úr járni og þak var klætt skífum.

Að utan er sökkull dregin fram með sökkulbrún og á miðjum vegg er upphleypt brún allt í kringum húsið og yfir gluggum. Á vesturhlið er framskotsgafli og gluggasetning er samhverf að klassískri fyrirmynd.



34 Dóm- og hegningarhúsið við Skólavörðustíg.

Dóm- og hegningarhús við Skólavörðustíg

Þegar ráðist var í byggingu dóm- og hegningarhúss við Skólavörðustíg í Reykjavík árið 1871 var ákveðið að fela Klentz verkið. Sverrir Runólfsson hafði sóst eftir að byggja húsið eftir aðferð sinni en aftur var Bald falið að annast smíði hússins. Var húsið reist eftir aðferð Sverris úr ótilhöggnum hraunhellum. Húsið er tvílyft með einlyftum hliðarálmmum, en þar voru fangaklefar og íbúð fangavarðar. Á húsunum eru lágrest valmaþök með lágu risi klædd skífum í upphafi. Gluggaskipan er samhverf á framhlið að klassískri fyrirmynd. Veggir eru ómúraðir og raðsteinsbogar eru yfir gluggum.

Í aðalbyggingunni hafði Landsyferréttur aðsetur fram til 1919 þegar Hæstiréttur tók við hlutverki hans og var í húsinu til ársins 1947. Á efri hæðinni voru einnig haldnir borgarafundir og bæjarstjórnarfundir fram til 1903.



35 Alþingishúsið við Austurvöll.

Alþingishúsið

Alþingishúsið var byggt á árunum 1880-81 eftir teikningum danska arkitektsins Ferdinand Meldahl. Það er byggt í nýrenesansstíl, tvílyft með valmaþaki og samhverfri gluggasetningu. Bygging þess markar ákveðin skil í gerð steinhúsa. Grjótið var sprengt í ákveðnar stærðir og það höggvið til með nýjum og betri verkfærum en áður höfðu þekkt. Veggir voru tvíhlaðnir og stóðst hæð þeirra á því að þriðji hver steinn gekk þvert á milli veggjanna og batt þá saman. Veggir eru sléttþússaðir að innan en að utan snúa ótilhöggðir steinarnir út. Gólf öll byggð úr stálbitum með múrsteinshvelfingu á milli og burðarsúlur, stigar og svalarið steyptr úr járni. Mestu skipti þó að Íslendingar voru hvattir til að vinna við bygginguna og læra hina nýju tækni sem og þeir gerðu.

Önnur steinhús

Á seinni hluta 19. aldar og sérstaklega eftir byggingu Alþingishússins risu nokkur steinhús víða um land. Mörg þeirra voru byggð eftir sömu aðferð og Alþingishúsið og önnur áhrif af byggingu þess voru að hlaðnir sökkjar timburhúsa urðu betri.

Pósthússtræti 3, sem reist er sem barnaskóli 1883 eftir teikningu Fredrik A. Bald en síðar breytt m.a. í pósthús, er hlaðið með sama hætti og Alþingishúsið. Landsbankahúsið við Austurstræti er hlaðið úr grágrýti líkt og Alþingishúsið árið 1898, eftir teikningu danska arkitektsins Christian Thuren, en múrhúðað að utan. Hann teiknaði líka Íslandsbankahúsið sem byggt er 1904 úr tilhöggnu grágrýti að utan en innra byrði er hlaðið úr steinsteyptum steinum. Báðum þessum húsum hefur verið breytt mikið frá fyrstu gerð.

Sem önnur dæmi um steinhús 19. aldar og frá upphafi þeirrar 20. má nefna Lækjargötu 10 byggt 1877, Laufásveg 5 byggt 1879-80, Garða við Ægisíðu byggt um 1885 og Bankastræti 10 byggt 1902 öll í Reykjavík. Einnig má nefna Sauðanes á Langanesi byggt 1879-81, Héðinshöfða á Tjörnesi byggt 1880 en endurbyggt 1889 eftir bruna, sæluhús við Jökulsá á Fjöllum byggt 1881, tvö sambyggð hús við Norðurgötu 17 á Akureyri byggð 1882-4 og Stóruvelli í Bárðardal byggt 1888-9.

Steinbærir

Um svipað leyti risu einkanlega í Reykjavík litlir steinbærir alþýðufólks. Voru þeir ýmist byggðir með hlöðnum langveggjum og timburstöfnum eða sem lítil steinhús með allar hliðar hlaðnar úr grjóti. Nokkrir steinbærir hafa varðveist í Reykjavík, aðrir hafa verið rifnir en nokkrir verið fluttir í Árbæjarsafn til varðveislu.

Safnahúsið við Hverfisgötu

Síðasta stórhýsið sem reist var úr steini var Safnahúsið við Hverfisgötu byggt 1906-8 eftir teikningum danska arkitektsins Johannes Magdahl-Nielsen. Húsið var reist til að hýsa landsbókasafn, landsskjalasafn, forngripasafn, náttúrugripasafn og málverkasafn.

Byggingin er byggð undir stílhárfum þjóðernisrómantíkur sem nokkuð bar á í Danmörku á þessum tíma. Fyrirmyndir voru einkum sóttar til ítalskra og danskra miðaldabygginga sem sést m.a. í bogadregnum gluggum og umbúnaði dyra Safnahússins.

Veggir hússins eru tvíhlaðnir. Ytra byrðið er úr tilhöggnu grágrýti sem er sléttað og þússað. Innra byrðið er hlaðið úr steinsteyptum steinum, Steinarssteinum, sem nefndir voru eftir steinagerðinni Steinar og gólf hússins eru steinsteypt. Bygging hússins markar ákveðin skil í byggingarsögu steinhúsa því að það var eingöngu byggt af íslenskum iðnaðarmönnum og í það var notuð steinsteypa en hið nýja byggingarefni náði smám saman yfirtökum í húsbyggingum.



36 Landsbankinn við Austurstræti nýbyggður 1898.



37 Steinbærinn Stöðlakot við Bókhöfundustíg.



38 Safnahúsið við Hverfisgötu.

Steinkirkjur



39 Hóladómkirkja.



40 Dómkirkjan í Reykjavík.



41 Þingeyrakirkja.

Hóladómkirkja

Um miðja 18. öld var timburdómkirkjan á Hólum í Hjaltadal, Halldórukirkja byggð 1627, í það lélegu ástandi að ákveðið var að gera við hana. Magnús Gíslason amtmaður beitti sér hins vegar fyrir því að reist yrði steinkirkja á Hólum og naut stuðnings Skúla Magnússonar landfógeta og Gísla Magnússonar biskups. Vildi Magnús láta reisa kirkju úr "... hinum yfirmáta fagra rauða sandsteini sem þar finnst gnótt af í næsta nágrenni..."

Hafist var handa við kirkjubygginguna haustið 1757 eftir teikningum Laurids de Thurah arkitekts. Múrara-meistarinn, Sabinsky, bætti við forkirkju úr steini fyrir kirkjuklukkur og skrudhúsi úr timbri við austurstafn og var lokið við kirkjuna 1763. Hóladómkirkja er byggð í einföldum barokkstíl án skrauts nema umhverfis frúardyr á suðurhlíð. Gluggasetning er regluleg og bil milli þeirra er ein og hálf breidd þeirra. Lengd kirkjunnar er þreföld breidd hennar og hæð hennar jöfn breidd en vegg hæð hálf hæð og flatt gíflöft yfir kirkjurýminu. Veggir eru tvíhlaðnir. Að innan er ótilhöggvið holtagrjót en tilhöggvinn rauður sandsteinn að utan. Kórskil milli kórs og framkirkju er eftirsmíð kórþilsins úr Halldórukirkju. Að utan var kirkjan kölkúð og timbur á þaki. Kirkjan hefur hlotið vandaða viðgerð og er þakið nú koparklætt, kirkjan hvítkölkúð en forkirkjan ókölkúð.

Dómkirkjan í Reykjavík

Þegar biskupsstólinn í Skálholti var lagður niður og fluttur til Reykjavíkur var ákveðið að byggja þar dómkirkju úr steini eftir teikningum danska arkitektsins Andreas Kirkerup. Kirkjan var byggð á árunum 1787-96. Kirkjan var stækkuð á árunum 1847-48 eftir teikningum danska arkitektsins Laurits A. Winstrup undir síðklassískum stílhárfum. Kirkjan var hækkuð og bætt við hana forkirkju, kór, skrudhúsi og timburturni og þakið skífulagt. Var bætt við grágrýtismúra kirkjunnar með innfluttum múrsteinum. Við byggingu hennar var sement notað í fyrsta sinn hér á landi svo að vitað sé. Síðan hafa ýmsar minni breytingar verið gerðar á kirkjunni.

Þingeyrakirkja

Steinkirkjan á Þingeyrum var byggð 1864-77 að frumkvæði Ásgeirs Einarssonar alþingismanns en Sverrir Runólfsson steinsmiður hlóð kirkjuna og er höfundur hennar. Er kirkjan hlaðin úr sléttsprungnu holtagrjóti, kalklímd án múrhúðunar. Kirkjan er í rómönskum anda. Kirkjan er með forkirkjuturni og kór er bogadreginn að innan en austurhlíð hornsneidd að utan, gluggar bogadregnir að ofan og loftið bogadregið.

Aðrar steinkirkjur

Sem dæmi um aðrar steinkirkjur 19. aldar má nefna Þveráirkirkju í Laxárdal byggð 1878, Lundarbrekkukirkju í Bárðardal byggð 1879-82, Innri-Njarðvíkirkju byggð 1886 og Hvalneskirkju byggð 1886-7.

Timburhús




42 Dönsku verslunarhúsin í Neðstakaupstað.

Inngangur



43 Faktorshúsið á Ísafirði.



44 Gafl Faktorshússins á Ísafirði í upprunalegri mynd.



45 Rúmmynd af Faktorshúsi í upprunalegri mynd. Húsið er af bolhúsagerð.

Í ýmsum heimildum er getið um timburhús á fyrri öldum. Timburhús voru þó sjaldgæf enda timbur af skornum skammti til bygginga í skóglitlu landi. Helst var það á höfuðbólum sem timburhús og timburkirkjur voru reist. Hafa verður í huga að torfhús er í raun timburhús að innan, misjafnlega vel viðað eftir aðstæðum og notkun. Verkkunnátta við timbursmíði viðhélst því vegna stöðugs viðhalds og endurbygginga torfhúsa. Þegar timburhús verslunarstaðanna tóku að rísa á 18. og 19. öld hafði grindarsmíð þeirra, bindingsverkið, áhrif á grindarsmíð torfhúsa og þil burstabæjanna má einnig rekja til áhrifa frá timburhúsum.

Á miðöldum voru byggðar margar timburkirkjur úr stafverki og voru þær stærstu á biskupsstólunum á Hólum í Hjaltadal og í Skálholti og stærri en kirkjur í Noregi á sama tíma. Vitað er um nokkrar timburkirkjur á 17. og 18. öld t.d. á Þingeyrum byggð 1695, á Heimaey var byggð timburkirkja 1722, á Bessastöðum var timburkirkja þegar bygging steinkirkjunnar hófst 1777 og á Möðruvöllum í Hörgárdal var byggð timburkirkja 1787 eftir teikningu Georg D. Anthon, og kom í stað fornrar útbrotakirkju. Anthon teiknaði steinkirkjuna á Heimaey og Fangahúsið í Reykjavík og ef til vill einnig kirkjurnar í Viðey og á Bessastöðum.

Þegar einokunarverslun var komið á 1602 kemst verslun í landinu í fastari skorður og kaupmenn fara að reisa vöruskemmur úr timbri á verslunarstöðunum. Eftir að kaupmönnum var leyfð veturseta 1765 eru reist verslunarhús og pakkhús á verslunarstöðum um land allt. Árið 1786 fengu verslunarstaðirnir Reykjavík, Grundarfjörður, Ísafjörður, Akureyri, Eskifjörður og Vestmannaeyjar kaupstaðarréttindi sem ásamt afnámi einokunarverslunarinnar 1787 styrkti enn frekar myndun þéttbýlis. Þéttbýlismyndun var mjög hægfara enda dundu yfir landsmenn miklar náttúruhamfarir, móðuharðindin, árin 1783-6, sem dró um 20% landsmanna til dauða og í lok aldarinnar var íbúafjöldi landsins 47.000, sá sami og við upphaf hennar.

Þegar kaupmenn fóru að byggja varanleg hús á verslunarstöðunum fluttu þeir tilsníðin hús til landsins sem síðan urðu fyrirmyndir annarra húsa verslunarstaðanna. Í lok 19. aldar og byrjun þeirrar 20. voru flutt mörg tilsníðin hús til landsins frá Noregi, sveitserhúsin svo nefndu, sem einnig urðu fyrirmyndir húsa sem Íslendingar reistu sjálfir.

Erlend áhrif á byggingu timburhúsa sem annarra húsa eru mikil hér á landi. Innfluttu húsin eru frá menningar-svæði sem Ísland hefur ávallt verið nátengt, og þangað sóttu íslenskir smiðir menntun sína á 19. og í byrjun 20. aldar. Húsin sem flutt voru tilsníðin til landsins urðu, ásamt dönsku steinhúsunum og stefnum í byggingarlist erlendis, fyrirmyndir þeirra timburhúsa sem reist voru hér á landi af íslenskum smiðum. Í umfjöllun um einstök stílbrigði hér á eftir er reynt að draga fram helstu einkenni þeirra en mörg húsanna eru byggð undir áhrifum fleiri stílbrigða.

Uppbygging timburhúsa

Timburhús verslunarstaðanna voru ýmist stökkahús, bolhús eða grindarhús. Stökkahús eru byggð úr láréttum digrum stökkum sem högginnir eru til svo að þeir verði ferkantaðir. Í timburstökkana er nót að ofan og neðan sem laus fjöður er sett í til að læsa þá saman og þétta, en á hornum eru þeir greptir saman þannig að endarnir ganga út fyrir hornið. Þessi gerð virðist einkum hafa verið notuð við byggingu pakkhúsa hér á landi t.d. á Hofsósi frá 1773 og Tjöruhússins á Ísafirði frá 1782.

Bolhús eru einnig byggð upp af tilhöggnum láréttum stökkum sem raðað er í einfalda grind. Aurstokkar og syllur eru úr efnismiklum trjám, læst saman á hornum og ganga út fyrir þau og halda húsinu saman. Á hornum, við dyr og þar sem þurfti vegna lengdar stökkanna eru settar lóðréttar stoðir sem nótaðar eru á hliðum sem tappar stökkanna ganga inn í. Við gluggaop eru stuttar stoðir, sem tappaðar eru í stökkana að ofan og neðan, og eru stökkarnir tappaðir í nót á hlið þeirra. Þessi uppbygging var einkum notuð í íbúðarhús kaupmanna. Má þar nefna Húsið á Eyrarbakka og Faktorshúsið á Ísafirði bæði byggð 1765.

Algengasta húsgerðin er hins vegar bindingsverkshús. Þau eru gerð úr timburgrind sem smíðuð er úr 5" eða 6" trjám. Grind þeirra skiptis í aurstokka, gólfbita, stoðir, skástoðir, lausholt, syllur, sperrur og skambbita. Allt timbur er tappað og nótað saman og timbur skeytt saman með sérstökum timbursamsetningum og trénaclar ganga í gegnum tappana. Stoðir, loftbitar og sperrur standast á. Bil milli stoða er nefnt fag og í lýsingum á húsum er þess oft getið hve mörg fög þau eru. Hvert fag er 1 1/2 - 2 álnir. Á 17. og 18. öld var íslensk alin 57 sm en dönsk 62,2 sm. Dönsk alin var notuð á 19. og 20. öld.


Á undirstöðum húsanna, sem í fyrstu er lágrest steinhleðsla, hvíla aurstokkar læstir saman á hornum. Í þeim eru grópir sem tappar stoða og skástoða ganga í. Milli stoða eru töppuð lausholt. Að ofan eru stoðir og skástoðir tappaðar í sylluna og ofan í hana eru efri gólfbitar læstir við hana með geirungsblaði. Gólfbitar hvíla af á millivegg í miðju húsi. Ofan í gólfbitana eru sperruendarnir tappaðir og hanabjálkar halda sperrum saman að ofan, en þær læstar saman hálf í hálf í mæni.

Til að þétta og einangra grind bindingsverkshúsanna var múrað í grindarhólfum með múrsteinum í upphafi en síðar með hraungrýti og þegar kom fram á 19. öld var einnig notað þurrt torf, hefilspæni og steinsteypa. Í sumum þeirra húsa sem flutt voru inn frá Noregi í lok 19. aldar er fyllt í grindina með lóðréttum stökkum og nefnist slík grindargerð reisiverk.


Þessi uppbygging timburhúsa er sú algengasta frá 18. öld og fram í byrjun þeirrar 20. Síðan hafa timburhús verið byggð með svipuðu sniði en efnisþykktir minnkað og samsetningar breyst og er nú notast við margs konar járnvinkla og neglingarjárn.



46 Stökkahús, pakkhúsið á Hofsósi.



47 Burðargrind bindingsverkshúss.



48 Hluti grindarinnar klæddur. Í grindarhólfum veggja er múrsteinn og veggir að hluta klæddir reisifjöl. Á þaki er skarsúð með rennisúð yfir.

Dönsk 1760-1840



49 Rúmmynd af dæmigerðu dönsku húsi.

Þau hús, sem skilgreind eru hér sem dönsk, eru verslunarhús danskra kaupmanna, bæði pakkhús og íbúðarhús, sem reist eru á 18. öld og þau hús sem Íslendingar byggðu sér síðan með þau sem fyrirmynd, þó að þau væru minni um sig. Hús kaupmanna voru flutt til landsins og eru byggð ýmist úr stökkverki, bolverki eða bindingsverki.

Það sem einkennir flest þessi hús er að þau eru einlyft með lágum veggjum, þak með háu risi, veggir ýmist óklæddir eða klæddir slagþili, þak klætt skarsúð eða rennisúð yst, tjörguð með hvítum gluggum og sitja á lágum steinhlöðnum sökkli. Smíði og frágangur húsanna er grófur og án skrauts.


Veggir elstu húsanna eru ýmist óklæddir í byrjun eða klæddir lóðréttri klæðningu. Klætt er með 1 1/4" - 1 1/2" þykkum og 7-10" breiðum borðum sem negld eru á grindina með bili á milli þeirra, nefnd undirborð. Á undirborðin eru jafnbreið yfirborð negld. Klæðning þessi er ýmis nefnd slagþil, yfirfelld súð, yfirfelld reisisúð, reisisfjöl eða én þá to. Þau hús sem ekki eru klædd hafa sýnilega stokka og eru þétt með því að kalfatta milli stökkanna með tjöruhampi. Stokkar og veggklæðning eru tjörguð.

Gluggar elstu húsanna eru gjarnan með einum lóðréttum pósti. Í fals í gluggakarm og pósti er felldur smárúðottur rammi, einnig nefnt grind eða fag. Fögunum er deilt upp í reiti með fingerðum srossum. Í elstu húsunum eru 8 eða 6 rúður í hverju fagi en þegar líða tók á 19. öld urðu 3 rúður algengastar. Litlir gluggar eru án pósts. Í stökkahúsum og bolhúsum eru ekki gluggakarmar í byrjun heldur eru rammar felldir í fals í stökkunum.

Gluggafaldar, gerrekti, loka samskeytum milli veggjar og gluggakarms og undir gluggum eru vatnsbretti. Síðar eru vatnsbretti einnig yfir gluggum. Hlerar voru hafðir fyrir gluggum elstu húsanna. Gluggafaldar, innri brúnir gluggaramma og srossa eru skreytt með hefluðum strikum og gluggar voru málaðir hvítir.

Þakklæðning er að mestu úr timbri uns bárujárnið leysti það af hólmi upp úr 1875. Ýmist eru þök einföld eða tvöföld. Einföld þök eru gerð úr einu borðalagi ýmist skarsúð eða rennisúð. Tvöföld þök eru gerð úr tveimur borðalögum, undir er skarsúð en ofan á henni er rennisúð. Rennisúð er gerð á sama hátt og reisisúð úr undir- og yfirborðum.

Innra fyrirkomulag timburhúsa breyttist lítið framan af. Inngangur er á miðri framhlið, inn af inngangi er forstofa með stofur á hvora hönd. Úr stofum er innangengt í herbergi við bakhlið og úr þeim í eldhús sem er við miðja bakhlið. Langveggur er eftir endilöngu húsi aftan við miðju þess. Skorsteinn er í miðju húsi. Stigi er úr forstofu eða eldhúsi upp á loft þar sem herbergi eru í hvorum enda.



50 Hefðbundið innra fyrirkomulag íbúðarhúsa fram á miðja 19. öld. 1. forstofa, 2. stofur, 3. herbergi, 4. eldhús, 5. búr og 6. bakdyraskúr.

Húsin í Neðstakaupstað á Ísafirði

Í Neðstakaupstað á Ísafirði hefur varðveist heilstæðasta þyrping danskra verslunarhúsa frá 18. öld. Húsin þar eru Krambúðin byggð 1757, Faktorshúsið byggt 1765, Tjöruhúsið byggt 1782 og Turnhúsið 1784-85. Ofar í bænum, í Hæstakaupstað, var önnur þyrping verslunarhúsa, en þar er nú aðeins eitt íbúðarhús byggt 1788.

Krambúðin er grindarhús. Í norðurenda þess var vörugeymsla en verslun í suðurenda en húsinu var breytt í íbúðarhús árið 1920. Faktorshúsið er af bolhúsagerð eins og Húsið á Eyrarbakka. Því var breytt töluvert um miðja 19. öld. Pakkhúsin tvö, Tjöruhúsið og Turnhúsið, eru bæði stökkahús. Tjöruhúsið hefur verið fært til uppunalegs útlits og Turnhúsið að mestu að utan. Í húsunum í Neðstakaupstað er Byggðasafn Vestfjarða.

Pakkhúsið á Hofsósi

Pakkhúsið á Hofsósi kom til landsins og var reist 1773. Húsið er stökkahús án klæðningar og eru stökkarnir læstir saman á hornum. Gafhlöð eru byggð úr bindingi og klædd reisifjöl. Gluggar á langhliðum eru tveggja ramma með sex rúðum en á gafhlöðum eru einramma gluggar með fjórum rúðum. Á þaki er skarsúð en gafhlöðin eru klædd reisifjöl. Inngangur er á miðri framhlið. Að innan styðja stoðir undir loftbita en engir milliveggir eru í húsinu. Í húsinu hefur verið komið fyrir sögusýningu.


Húsið á Eyrarbakka

Húsið á Eyrarbakka lét Jens Lassen kaupmaður byggja árið 1765, en það kom til landsins. Húsið er bolhús og voru veggir óklæddir í upphafi en voru síðan klæddir reisifjöl. Inngangur var á framhlið en er færður á vesturstafn 1868 þegar byggt er þar stigahús og loftið innréttað til íbúðar. Í húsinu sunnanverðu eru nú tvær stofur en forstofan var lögð til austurstofu. Að norðanverðu er stofa, eldhús með bakinngangi og salerni þar sem áður var búr. Þorgrímur Þorláksson múrarameistari hlóð bökunarfín, eldstæði og reykhlíf en hann vann við að hlaða Bessastaðastofu, Nesstofu, Viðeyjarkirkju og Bessastaðakirkju.


Gluggar hússins voru upphaflega minni á langhliðum og smárúðóttir en nú eru þrjár rúður í hverjum ramma. Þak hússins er tvöfalt, rennisúð á skarsúð. Lítil kvistur er á hvorri hlið en í upphafi var ekki kvistur á húsinu.

Húsið hefur tekið nokkrum breytingum frá því að það var byggt. Það hefur þó haldið meginéinkennum dönsku verslunarhúsanna. Byggðasafn Árnesinga hefur sýningar í Húsinu og Assistentahúsinu sem byggt var 1881.

Íbúðarhús kaupmanna höfðu áhrif á timburhús sem risu í þorpum og sveitum á 18. og 19. öld. Íslenskir smiðir tóku mið af lagi og fyrirkomulagi kaupmannshúsanna þegar þeir reistu hús sín. Þau hús eru flest mun minni en fyrirmyndirnar.



51 Turnhúsið í Neðstakaupstað á Ísafirði.




52 Tjöruhúsið í Neðstakaupstað á Ísafirði.



53 Húsið og Assistentahúsið á Eyrarbakka.



54 Sniðmynd af Húsinu á Eyrarbakka.



55 Grunnmynd og útlit af Þingholtsstræti 9 sem nú er í Árbæjarsafni.



56 Smiðshús sem nú er í Árbæjarsafni.



57 Smiðahús Þorsteins Daníelssonar á Skípalóni.

Þegar kemur fram á 19. öld er farið að klæða veggir þannig að bil milli undirborða er minna en áður eða þau eru nótuð saman. Yfir samskeytin eru negld mjórri borð og síðar listar og nefnist þessi klæðning listapil. Þakklæðning breyttist einnig á svipaðan hátt, eru yfirborð mjórri en undirborð og er þessi þakklæðning nefnd listasúð.

Húsið við Bankastræti 2 í Reykjavík er byggt 1834 sem grindarhús og er múrsteinum raðað í grindina. Veggir voru klæddir listapili og listasúð var á þaki en húsið er nú bárujárnsklætt. Inngangur er á miðri framhlið og bakinngangur um skúr. Stofur eru við framhlið en herbergi og eldhús bakatil, nokkuð grynri en stofurnar.

Húsið við Þingholtsstræti 9 var byggt árið 1846 af Helga Jónssyni snikkara en var flutt í Árbæjarsafn 1969. Húsið er byggt úr tilhöggnum timburstokkum sem gengu af við byggingu Menntaskólans í Reykjavík. Stokkarnir eru tappaðir í hornstoðir og stoðir við hurðir og glugga. Gafhlöðin eru bindingsverk og eru stafnar klæddir reisifjöl en stokkar langhliða eru óklæddir, en við horn, hurðir og glugga klæddir lóðréttum borðum. Gluggar eru með lóðréttum pósti og 3 rúðum í ramma. Þak er krossreist með tvöfaldri klæðningu, rennisúð ofan á skarsúð.

Herbergjaskipan er dæmigerð, inngangur á miðri framhlið en bakinngangur um skúr. Við framhlið eru stofur sitt hvorum megin forstofu og gengið úr þeim í lítið herbergi og í eldhús sem búr er inn af. Úr bakskúr er gengið inn í eldhús þar sem er stigi upp á loft og eldstæðið er í miðju húsinu sem herbergin skipa sér umhverfis. Á loftinu er komið í óþiljað framloft og gengið úr því í þiljuð herbergi við hvorn stafn.

Smiðshús var byggt um 1820 við Pósthússtræti 13-15 en var flutt í Árbæjarsafn 1960. Það er grindarhús með múrsteinum í grindinni.

Jensenshús á Eskifirði byggði Páll Ísfeld árið 1837. Húsið er ein hæð með krossreistu þaki og kjallari er undir því að hluta. Veggir eru klæddir með plægðu standpili með listum yfir samskeytum. Þakið er tvíbyrt, skarsúð með rennisúð yfir og veggir og þak tjörguð. Gluggar í húsinu eru með einum eða tveimur þriggja rúðu römmum. Inngangur er á miðri bakhlið. Úr forstofu er gengið í stofu á hvora hönd, en innaf forstofu er eldhús. Úr forstofu er gengið um stiga upp á óþiljað framloft og þaðan í þiljuð herbergi í hvorum enda.

Skólastræti 5 er ágætt dæmi um breytingar sem gerðar hafa verið á timburhúsum. Húsið byggði Einar Jónsson smiður árið 1856 og hafði húsið þá einkenni danskra húsa. Árið 1865 lengir hann húsið til norðurs og setur á það breiðan miðjukvist með 4 gluggum og húsið fær einkenni dansk-íslenskra húsa. Árið 1889 er húsið hækkað um eina hæð og fékk nýklassískan búning.

Önnur dæmi eru íbúðarhús Þorsteins Daníelssonar á Skípalóni í Eyjafirði byggt 1824 og smiðahús frá 1843.

Dönsk-íslensk 1820-1860

Byrjun 19. aldar var erfið Íslendingum eins og lok 18. aldar. Danir drógust inn í stríð Frakka og Englendinga á öðrum áratug aldarinnar og voru reglulegar siglingar og verslun úr skorðum fram undir 1820. Meðan svo stóð á voru fá hús byggð.

Dönsk-íslenskum húsum svipar að stærð og fyrirkomulagi til dönsku húsanna. Á þeim er sá munur að vegg-hæð er meiri, sum byggð með miðjukvisti eða eru portbyggð. Þau eru flest grindarhús og sökkull undir þeim veigameiri en undir dönsku húsunum og jafnvel hlaðinn lágur kjallari undir þau. Gluggar voru ívið stærri en áður og bera fór á skrauti af klassískum toga yfir hurðum og gluggum. Inngangur er oft á gafl í stað framhliðar.

Veggir eru klæddir listabili og þök listasúð. Þegar hafið var að nota málningu á veggum fyrir miðja 19. öld eru einkum þessi hús máluð. Klæðningin er hefluð, listar oft strikaðir á brúnum og smíðavinnan fíngerðari en á hinum tjörguðu dönsku húsum og húsin njóta sín betur máluð.

Port á húsi nefnist lágur veggur á efstu hæð húsa sem verður til við að veggur nær um 60-120 sm upp fyrir gólfbita og hvíla sperrur á veggnum í stað gólfbita áður. Þannig næst mun betri nýting á efstu hæð húsa.

Nonnahús á Akureyri er ágætt dæmi um hús af dansk-íslenskri gerð. Það er grindarhús með miðjukvisti klætt reisifjöl með pappaklæddu þaki byggt 1849.

Annað dæmi er Jaðar, fyrsta hús Kaupfélags Þingeyinga á Húsavík, sem var byggt árið 1883. Á því er breiður miðjukvistur. Það byggði forsmiðurinn Jón Pálsson.

Mörg eru þau húsin sem þolað hafa mátt tillitslausar breytingar. Svo er um Lækjargötu 8 sem byggt er 1870. Það er eitt af fyrstu húsum sem reist er með stórum kvist sem gekk í gegnum húsið. Veggir og þak voru skífuklædd. Inngangur var á gafl og lofthæð er 4 álnir en var venjulega 3 1/2 alin. Nú hefur gluggum, kvisti, klæðningu og fyrirkomulagi verið breytt verulega.

Mörg hinna minni danskættuðu húsa voru með tímanum klædd listaklæðningu og byggður er á þau miðjukvistur og fengu við það að nokkru útlit dansk-íslenskra húsa.

Húsið við Amtmannsstíg 1 er dæmi um slíkt en það er byggt 1838. Þá var húsið ein hæð með krossreistu þaki. Það er grindarhús með múrsteini í grindinni, klætt mál-aðri borðaklæðningu með tjargaðri borðaklæðningu á þaki. Inngangur var á miðri framhlið og herbergjaskipan hefðbundin, en hærra er til lofts en þá var venja. Árið 1860 er húsið lengt til norðurs og settur á það miðju-kvistur og veggir klæddir láréttri vatnsklæðningu, þakið skífuklætt og inngangur færður á suðurgafli. Árið 1905 er byggt við það þrílyft turnhús eftir teikningum Rögvalds Ólafssonar húsameistara.



58 Nonnahús á Akureyri.



59 Jaðar. Fyrsta verslunarhús Kaupfélags Þingeyinga fyrir miðri mynd.



60 Lækjargata 8, hægra megin á myndinni, árið 1881.



61 Amtmannsstígur 1.



62 Hús Bjarna riddara Sívertsen.



63 Menntaskólinn í Reykjavík.



64 Norska bakaríð við Fischersund árið 1901.



65 Aðalstræti 2 kringum aldamótin 1900.

Gaflsneidd húsgerð 1810-1890

Einkenni þessara húsa er gaflsneitt þak, þau eru breið með mikilli veggþæð, veggir klæddir listasúð eða lárétrtri klæðningu, gluggar eru stærri en áður, á sumum þeirra eru stórir miðjukvistir eða þeir settir síðar, þök timbur- eða skífuklædd og húsin öll íburðarmeiri en áður þekktist. Fyrirmynd húsanna má rekja til dönsku steinhúsanna sem reist voru hér á síðari hluta 18. aldar þegar barokk var ráðandi í Danmörku.

Hús Bjarna riddara Sívertsen í Hafnarfirði er byggt 1803-5. Þakið er með hálfri gaflsneiðingu eða hálfum valma, eins og þessi þakgerð er einnig nefnd. Það er nú klætt rennisúð en var upphaflega skífuklætt. Veggir eru klæddir málaðri listasúð og eru yfirborðin mun mjórri en áður gerðist. Inngangur er á miðri framhlið með tvöföldum vængjahurðum með glugga yfir. Gluggar eru samhverfir með tveimur 8 rúðu römmum. Herbergjaskipan er með svipuðum hætti og í dönsku húsunum.

Menntaskólinn í Reykjavík er stokkbyggt timburhús sem reist var 1843-46. Húsið var tilsníðið í Kristjánssandi í Noregi og teiknað af Jørgen Hansen Koch hirðarkitekt. Menntaskólahúsið er tvær hæðir með krossreistu þaki með gaflsneiðingum og stendur á steinhlöðnum kjallara. Krosspóstagluggar, sem voru óalgengir hér á þessum tíma, sitja reglulega í veggjum. Veggir hafa frá upphafi verið klæddir reisifjöl sem í byrjun var tjörguð en síðar máluð. Miðjukvistur var stækkaður til muna árið 1848 samkvæmt teikningum Kochs. Á þaki var rennisúð og bárujárn sett á þakið fyrir aldamótin 1900. Árið 1848 var þakið klætt skífum en þær fuku af tveimur árum síðar.

Norska bakaríð við Fischersund 3 er reist af norskum bakara árið 1876. Húsið stendur á hlöðnum kjallara og veggir eru klæddir lárétrtri klæðningu. Þak er krossreist með hálfum valma og var upphaflega klætt hollenskum þaksteini. Inngangur í húsið er á framhlið við vesturgafli. Gluggar eru tveggja ramma með þremur rúðum hver.

Geysir við Aðalstræti 2 er byggt árið 1855. Húsið er tvær hæðir og er í upphafi klætt máluðu listapili. Þakið er með hálfum valma og var skífuklætt í byrjun. Gluggar voru tveggja ramma með þremur rúðum og yfir þeim voru bogadregnir bjórar. Húsið hefur frá upphafi verið notað til verslunarreksturs en íbúð var á efri hæð. Í byrjun var gengið inn í húsið um tvennar dyr á framhlið út við gafla.

Síðar var inngangur færður á miðja framhlið og verslunargluggar stækkaðir og lítill kvistur settur á þakið og það járnklætt. Enn síðar var gluggum breytt eins og um steinsteypt hús væri að ræða og húsið múrhúðað utan og fyrirkomulagi innandyra einnig breytt verulega. Tengt húsinu eru fleiri verslunarhús ofar á lóðinni.

Nýklassík 1860-1930

Um og eftir miðja 19. öld sóttu margir smiðir menntun sína til Danmerkur og Noregs og báru með sér hingað nýklassísk viðhorf í gerð húsa svo og erlendir smiðir sem störfuðu hér m.a. við byggingu Menntaskólans í Reykjavík. Smiðir sögðu fyrir um útlit og gerð þeirra húsa sem þeir byggðu, voru bæði í senn hönnuðir og byggjendur. Smiðir þessir eru kallaðir forsmiðir.


Einkenni nýklassískra húsa eru að þau eru flest tvílyft með lágu risi og mikilli lofthæð. Þau eru með klassísku skrauti eins og bjórum yfir gluggum og hurðum, flatsúlum á hornum og útskornum vindskeiðum, bönd eru umhverfis á miðjum vegg og undir þakskeggi, oft með tannstöfum eða snigilkröppum, veggir eru klæddir máluðu listabili eða bárujárnri og þök klædd skífum eða bárujárnri. Inngangur er í byrjun á miðri framhlið en síðar á gafli. Fyrirmyndirnar eru múrsteinhús í Evrópu og norsk timburhús sem einnig áttu sér sömu fyrirmyndir.

Síðar eru sum þessara húsa hækkuð og sett á þau mansardþak eða brotaþak, þakgerð sem einnig er mikið notuð á minni hús til að nýta gólfrymi rishæðar betur.

Mörg þeirra húsa sem upphaflega eru klædd listasúð eða skífum eru síðar klædd bárujárnri en algengt er að hús í nýklassískum stíl séu bárujárnklædd frá upphafi. Um aldamótin risu nokkur stór tvílyft íbúðarhús t.d á Akureyri og í Reykjavík sem eru klædd með bárujárnri frá upphafi.

Norska húsið í Stykkishólmi kom tilsníðið frá Noregi og er byggt 1828. Það er reist nokkru áður en nýklassískra áhrifa fer að gæta hér í verulegum mæli. Húsið hefur einkenni nýklassíkur í dyrabúnaði og gluggagerð og í umbúnaði innveggja á 2. hæð. Það er talið elsta tvílyfta íbúðarhús hér á landi. Húsið er byggt úr tilhöggnum stokkum, klætt lárétrri klæðningu, gluggar eru með tveimur 8 rúðu römmum og sitja samhverft í veggjum. Þak er með lágu risi og heilum valma og var upphaflega klætt listasúð. Inngangur er á miðri framhlið búinn klassísku skrauti. Komið var inn í forstofu með stór herbergi á hvora hönd en bakatil mjórri herbergi með eldhúsi í hornherbergi. Uppi voru stofur og svefnherbergi.

Iðnaðarmannafélagshúsið, Iðnó, byggði Einar J. Pálsson eftir eigin teikningum á árunum 1896-7. Húsið skiptist í þrjá hluta, miðhluta og hús við hvorn enda þess sem snúa göflum þvert á miðhúsið. Húsið er tvílyft með háu risi á hlöðnum sökklri með kjallara undir austurhluta. Á húsinu eru bogadregnir gluggar og band er umhverfis húsið undir þakskeggi og gluggum annarrar hæðar. Efra band er með tannstöfum. Í miðhluta er stór skreyttur salur opinn í tvær hæðir með leiksviði í austurenda.



66 Nýklassískur dyraumbúnaður Norska hússins.



67 Framhlið og langsníð Norska hússins í Stykkishólmi.



68 Iðnó við Vonarstræti.



69 Iðnskólinn og iðnaðarmannahúsið við Lækjargötu.

Iðnskólinn og iðnaðarmannahúsið, eru sambyggð með eldvarnarvegg á milli sín, eru byggð 1905-6 af Einari J. Pálssyni og hugsanlega eftir teikningum hans að talið er. Húsin eru tvær hæðir með háu risi og turni á norðausturhorni og kvistum. Flatsúlur eru á hornum og band umhverfis húsið undir gluggum annarrar hæðar og undir þakskeggi með snigilkröppum. Gluggar eru með 20 smárúðum og bera barokkeinkenni.

Miðstræti 10 er byggt 1902 af Einari J. Pálssyni. Húsið er tvílyft með háu risi á hlöðnum kjallara. Á miðri framhlið er framskotsgافل og á suðurgafli er útbyggð forstofa með vetrarsvölum yfir og opnum svölum efst. Horn eru skreytt strikuðum flatsúlum og undir gluggum annarrar hæðar er band umhverfis húsið og útskornar vindskeiðar á göflum.



70 Fríkirkjuvegur 11.

Fríkirkjuvegur 11, hús Thors Jensens, er byggt 1907-8 eftir teikningum Einars Erlendssonar, en Thor sagði sjálfur fyrir um gerð þess. Húsið er tvær hæðir með lágu heilvalmapaki og stendur á steiptum kjallara. Á miðri framhlið er karnap eða útbygging, eilítið inndregin á annarri hæð og opnum svölum efst en miðjukvistur fyrir ofan á þaki. Á suðurgafli er stór forstofa með opnum svölum yfir. Gluggasetning er samhverf en gluggarnir krossgluggar og tekur umgjörð þeirra mið af sveitserstíl.


Undir svölum og á karnap eru jónískar súlur, heilar eða hálfar, og bönd skreytt útskornu laufsveigabandi með tannstöfum yfir eru undir handriðum. Undir þakskeggi eru rósaskreytt spjöld með snigilkröppum og konsólum.

Barnaskólinn gamli á Seyðisfirði er byggður 1906 en efnið í hann kom tilsiðnið til landsins frá A/S Strømmen Trævarefabrik í Kristianíu í Noregi.

Franski spítalinn við Lindargötu var byggður árið 1882 eftir teikningum Fredrik A. Bald sem var byggingarmeistari Íþöku og Alþingishússins og teiknaði mörg hús.

Húsið við Suðurgötu 7, sem nú er í Árbæjarsafni, er ágætt dæmi um hvernig timburhúsum er breytt til að uppfylla nýjar þarfir eigenda sinna og taka þá jafnframt á sig útlit eftir þeim stefnum sem ríkjandi eru hverju sinni. Þegar húsið er byggt árið 1833 er það lítið einnar hæðar bindingsverkshús af danskri gerð með múrsteinum í grind og með tjargaðri reisifjöl á veggjum og rennisúð á þaki.

Um 1874 hefur verið byggt tveggja hæða hús með lágu risi við eldra húsið með mæni þvert á stefnu þess og jafnframt voru þök húsanna tengd saman. Nýja húsið er byggt og klætt á sama hátt og hið eldra. Eldra húsið er síðan hækkað 1883 og stigahús byggt við suðurhlið þess og húsin klædd vatnslæðningu og klassískur bjór settur yfir dyr, gluggaumbúnaður varð klassískur og hálfhringgluggar settir á stafna.



71 Byggingarstig Suðurgötu 7 sem nú er í Árbæjarsafni. Efst er húsið nýbyggt 1833, síðan viðbygging frá 1874 og neðst útlit hússins sem það fékk 1883.

Sveitser 1890-1910

Um og eftir 1830 fer að gæta nýrra stílláhrifa í múruðum byggingum í Frakklandi og Englandi. Þessi stílláhrif einkennast af eftiröpun nánast allra fyrri stílstefna og dæmi voru um að hús væru byggð sem eftirmynd fyrirmyndanna, sögustíll eða historismi kallaður. Í Þýskalandi var mikið lítið til fortíðar og fyrirmyndir timburhúsa sóttar til bóndabæja í Alpahéruðum Þýskalands, Austurríkis, Sviss og Ítalíu. Þýskir arkitektar sem störfuðu í Noregi og norskir arkitektar sem fengu menntun sína í Þýskalandi fluttu þessi áhrif til Noregs. Áhrif þessi féllu saman við mikla vélvæðingu í trésmíðaiðnaði sem gerði það mögulegt að fjöldaframleiða hús með miklu og fíngerðu skrauti sem áður tók mikinn tíma að vinna.


Norðmenn stunduðu síldveiðar frá Austfjörðum og síðar frá Norðurlandi frá 1868 og hvalveiðar 1883-1915. Norskir athafnamenn í útgerð fluttu með sér norsku sveitserhúsin og reistu hér á landi. Framleiðendur húsunanna gáfu út auglýsingabæklinga með myndum af húsunum sem íslenskir smiðir notuðu sem fyrirmyndir húsa sem þeir reistu.

Einkenni sveitserhúsa er hár og velgerður sökkull, mikið þakskegg með skrautlega útskornum sperruendum, portbyggð og oftast með rismiklu þaki, skrautlegur umbúnaður glugga og hurða, þakbrúnir og gaflar mikið skreytt, bönd umhverfis húsin við glugga, veggklæðning lárétt, strikuð súð og skífur á þökum í byrjun. Á húsunum eru gjarnar innbyggðar svalir eða vetrarstofur. Inngangur er að jafnaði á gafl og komið inn í gang með stiga upp á efri hæð. Gluggar eru ýmist krosspósta með einni rúðu í neðri ramma en síðar urðu T-laga gluggar með miðju-póst upp að þverpósti algengari.

Norðanlands, einkanlega á Akureyri, byggðu íslenskir forsmiðir sveitserhús klædd timbri með miklu skrauti fram á fyrsta áratug 20. aldar. Forsmiðir byggðu bárujárnklædd sveitserhús, bárujárnssveitser, sem báru oft minna skraut en timburklæddu húsin.

Húsið við Þingholtsstræti 29 var flutt tilsníðið til landsins frá Noregi 1898. Húsið er hæð og portbyggt ris á hlöðnum munsturpússuðum kjallara. Á miðri framhlið er miðjukvistur og þakið slútir lengra út yfir hliðar hússins en áður gerðist og sperruendar eru útskornir. Skreytt band gengur umhverfis húsið ofan glugga. Gluggar eru T-laga og inngangur um gafl, veggir eru klæddir strikaðri vatnklæðningu neðan við bandið en ofan þess er lóðrétt panelklæðning.

Menntaskólinn á Akureyri er byggður árin 1902-05 eftir teikningum forsmiðsins Snorra Jónssonar sem teiknaði og byggði þar mörg hús. Húsið er tvær hæðir á háum kjallara snýr þremur rismiklum göflum fram með inn-dregnum millibyggingum, bandsett undir gluggum með miklu skrauti á göflum. Húsið er núna klætt bárujárn en var klætt lárétrri vatnklæðningu með lóðréttri klæðningu undir gluggum og á stöfnum.



72 Grunnmynd og ljósmynd af Þingholtsstræti 29.



73 Menntaskólinn á Akureyri.



74 Samkomuhúsið á Akureyri.



75 Fálkahúsið, Hafnarstræti 1-3.



76 Algengur skreytistílsgluggi.



77 Höfði við Borgartún.

Samkomuhúsið á Akureyri er byggt 1906 eftir teikningum Guðbjarnar Björnssonar og Guðmundar Ólafssonar. Húsið er tvær hæðir með lágu risi og á steinsteyptri jarðhæð. Til endanna snúa skreyttir stafnar fram og turn er á miðri millibyggingunni. Veggir eru klæddir láréttri vatnslæðningu og lárétt og lóðrétt bönd undirstrika gluggasetningu og skiptingu hússins í endahús og turnhús fyrir miðju. Gluggagerðin er óvenjuleg, tveir lóðréttir póstar ná upp að þverpósti og er miðhlutinn stærstur en ofan þverpósts eru fíngerðir sprossar.

Drekastíll 1900-1920

Í Noregi var leitað norskra fyrirmynda til að nota í byggingar í stað eftirlíkinga frá öðrum löndum eins og í nýklassíkinni. Svarið fannst í gömlu stafkirkjunum, sem eru byggðar á langri hefð og ríkulega skreyttar. Einnig var leitað fyrirmynda í skreytilist víkingatímans og drekahöfuð urðu mikilvægur þáttur skrautsins.

Hér á landi gætti þessara áhrifa lítið en nefna má sem dæmi Fálkahúsið við Hafnarstræti 1-3. Árið 1907 gerði Einar Erlendsson teikningar að vestara húsinu og felldi millibygginguna frá 1868 og eystra húsið frá 1885 í eina heild og færði þau í nýjan búning og skreytti íslensku skrauti, fálkum og víkingaskipi.

Skreytistíll 1900-1930

Einkenni skreytistíls, Jugend eða Art Nouveau, eru einkum mansardþak með valma og sveig við þakskegg, karnap- eða svalaútbyggingar, húsin oft ósamhverf, krosspóstagluggar með smárúðóttum römmum að ofan, veggir klæddir strikaðri vatnslæðningu og ríkulegt skraut með fyrirmyndum úr náttúrunni, blómum og dýrum sem formuð voru með bogadregnum línunum sem áður höfðu ekki sést í byggingarlist, gjarnan í abstraktformum.

Einkunnarorð þeirra sem aðhylltust skreytistílinn voru: List er lífsgæði. Þeir töldu að með því að móta umhverfi mannsins með hágæðahönnun væri hægt að leggja grunn að betra og hamingjusamara lífi. Svipaða hugsjón hafði enska Art and Crafts-hreyfingin. Áhrifa þessa stíls gætti lítið hér á landi að undanskilinni gluggagerðinni sem var notuð í mörg hús. Það eru mörg dæmi um hús sem eru lítið eitt smituð af þessum stílláhrifum en varla nokkurt byggt eingöngu eftir þeim.

Höfði við Borgartún kemst sennilega næst því að teljast til skreytistílsins þó það sé látlaust að utan og án skrauts. Það var flutt tilsníðið til landsins frá Noregi árið 1909. Húsið er ein hæð og ris með mansardþaki klæddu skifum. Húsið er byggt sem reisiverk og veggir klæddir láréttri vatnslæðningu og stendur á kjallara hlöðnum úr grágrýti. Gluggar eru krosspósta með smárúðóttum römmum að ofan. Forstofa hússins ber hins vegar einkenni drekastíls.

Bárujárnssveitser 1890-1915

Norsku timburklæddu sveitserhúsin nutu mikilla vinsælda meðal Íslendinga en þóttu dýr. Bárujárn barst hingað til lands um 1875 og var mun ódýrara en timbur og fékk mikla útbreiðslu sem klæðningarefni á þök og síðar á veggum enda hafði þakleki verið til stórra vandræða lengi vel.

Íslenskir smiðir notuðu bárujárn á hús sín, sem byggð voru undir áhrifum frá nýklassísk og sveitser og klæddu eldri hús bárujárni. Þeir þróuðu aðferðir við að klæða byggingar sínar með bárujárni, en héldu formum og skrauti innfluttu sveitserhúsanna. Þegar frá leið fór skraut á húsminnkandi.

Árið 1904 fengu Íslendingar heimastjórn í eigin málum og hin nýja Landsstjórn réð fljótlega Rögnvald Ólafsson húsameistara sem ráðgjafa í byggingarmálum. Hann stundaði nám í byggingarlist í Kaupmannahöfn en lauk því ekki sökum veikinda. Yfirstjórn opinberra bygginga var nú í höndum Íslendinga en ekki Dana. Rögnvaldur Ólafsson setti mark sitt á fjölmargar byggingar úr timbri og síðar steinsteypu um land allt.

Bárujárnssveitser hefur sömu einkenni og norsku sveitserhúsin með þeirri undantekningu að veggir og þök voru klædd bárujárni og tók frágangur við glugga, hurðir, vatnsbretti, bönd, þakbrúnir o.fl. mið af hinu nýja efni.

Fríkirkjuvegur 3 er ein hæð með portbyggðu risi á steinsteyptum kjallara og var byggt 1904. Gluggar og skraut eru eftir fyrirmynd sveitserhúsanna. Á húsinu voru opnar svalir sem síðar var lokað.

Húsið við Suðurgötu 4 byggði Sveinn Jónsson árið 1906. Húsið er hæð með háu portbyggðu risi. Framskotsgafl er á framhlið við suðurgafli en turnútbygging við norðurgafli. Á norðurgaflinum er útbyggt anddyri og einnig á bakhlið. Húsið er því ekki samhverft eins og oftast var. Umhverfis húsið ganga bönd ofan og neðan við glugga. Gluggar á framskotsgafli og turni taka að nokkru mið af skreytistílsgluggum en aðrir gluggar taka mið af sveitserstílnum. Á gaflhyrnum er mikið skrautverk og setur það ásamt sveigðum þakendum mikinn svip á húsið.

Tjarnargata 22 er byggð árið 1906 eftir teikningum Rögnvalds Ólafssonar. Húsið er hæð með portbyggðu risi og bröttu þaki með miklu þakskeggi. Á miðri framhlið er stór kvistur og vetrarstofa við suðurgafli með opnum svölum yfir. Gluggar eru með T-laga pósti og smárúðottum ramma að ofan eins og skreytistílsgluggar og með umgjörð sem er minna skreytt en venja var um sveitserhús en gluggar í kjallara eru steiptir úr pottjárni. Húsið er án láréttra banda eins og algengt var. Rögnvaldur Ólafsson teiknaði einnig húsínúmer 18, 32, 33, 35 og 37 við Tjarnargötu.



78 Fríkirkjuvegur 3.



79 Suðurgata 4.



80 Tjarnargata 22.



81 Miðhús, Lindargata 43a, sem nú er í Árbæjarsafni.



82 Eyri við Eyrargötu 39a á Eyrarbakka.



83 Tún, Túngötu 45a á Eyrarbakka.



84 Timburhús við Ásvallagötu sem eru ýmist múrhúðuð eða klædd bárujárn.

Einföld bárujárnshús 1880-1930

Einkenni einfaldra bárujárnshúsa eru að þau eru lítil, lágreist og án nokkurs skrauts, allur frágangur er einfaldur og látlaus en á síðari hluta tímabilsins eru reist stærri hús. Húsin eru ýmist með lágu risi eða krossreist og með nýtanlega rishæð en sum portbyggd klædd bárujárn. Þau elstu og minnstu eru oft ekki nema herbergisdýpt á breidd. Margs konar viðbyggingar og skúrar eru við þessi hús, ýmist frá upphafi eða bætt við síðar. Þetta eru hús alþýðunnar byggð af litlum efnum, sparsemi og nægjusemi.

Þessi hús voru byggð fram yfir 1930 og setja mikinn svip á t.d. gamla austurbæinn í Reykjavík, Eyrarbakka svo og mörg önnur sjávarþorp víða um land.

Miðhús var byggt við Lindargötu 43a árið 1897 en flutt í Árbæjarsafn árið 1974 og endurbyggt. Það er byggt úr bindingi, var í upphafi borðaklætt en síðar klætt bárujárn. Þak þess er bárujárnklætt brotþak, mansard, sem gefur góða nýtingu á efri hæð hússins. Gengið er í húsið um skúr við norðurgafli og þaðan inn í eldhús, en auk þess eru þrjú herbergi á jarðhæð. Úr eldhúsi er stigi upp á loft þar sem eru fjögur þiljuð herbergi. Geymsluskúr var síðar byggður við austurhlíð hússins.

Eyri við Eyrargötu 39a á Eyrarbakka er byggt árið 1907 og er húsið samtals um 35 m² að grunnfleti. Það er hæð og ris með inngönguskúr við vesturgafli. Úr skúrnum er gengið í eldhús og úr því í herbergi og stofu. Úr eldhúsi er stigi upp á loft þar sem eru tvö herbergi. Krosspóstagluggar eru í húsinu.

Við Túngötu 45a á Eyrarbakka stendur húsið Tún sem byggt var 1897. Það er hæð með brotþaki á hlöðnum kjallara. Gengið er inn í húsið um bíslag við vesturstafn en við norðurhlíð er viðbygging með skúrþaki. Í kjallara er geymsla en á hæðinni er stofa, eldhús, búr og salerni en tvö herbergi eru í risi.

Eftir bruna í miðbæ Akureyrar og síðar í Reykjavík 1915 var byggingu timburhúsa settar miklar skorður og nánast engin timburhús byggð um langt skeið. Á reit vestarlega við Hringbraut eru reist timburhús árið 1933 sem eru ýmist múrhúðuð eða klædd bárujárn, flest teiknuð af Þóri Baldvinssyni arkitekt og ein heillegasta húsasamstæða síns tíma. Upp úr því voru mörg timburhús múrhúðuð og þeim breytt til að fá útlit steinsteypuhúsa. Það hafði oft í för með sér mikla eyðileggingu þessara húsa.

Eftir seinni heimsstyrjöldina voru flutt inn nokkur sænsk einingahús og reist í Skjólunum í Reykjavík. Bygging timburhúsa hefst ekki aftur að ráði fyrr en eftir 1970.

Timburkirkjur

Sem fyrr er getið um voru byggðar timburkirkjur hér á landi fyrr á öldum en torfkirkjur voru algengastar allt fram á 19. öld. Þá eru byggðar margar timburkirkjur sérstaklega á síðari helming aldarinnar. Mörgum torfkirkjum er þá einnig breytt í timburkirkjur með því að fjarlægja torf af þekjum og torfveggi og klæða vegg og þök með timbri og setja glugga í hliðarveggi.

Í timburkirkjum er að finna mörg prýðilegustu dæmi íslenskrar byggingarlistar. Þær eru byggðar á þeim tíma sem þjóðin er að rétta úr kútnum eftir margra alda erfiðleika og eru margar byggðar af forsmiðum sem sóttu menntun sína erlendis. Timburkirkjur eru stærsti hluti þeirra húsa sem friðuð hafa verið hér á landi, en allar kirkjur byggðar fyrir 1918 eru friðaðar.

Fyrirmyndir timburkirkna eru í byrjun torfkirkjur en síðar verða steinkirkjurnar, sem reistar voru á 18. og 19. öld, fyrirmyndir ýmissa timburkirkna. Þá báru og forsmiðirnir með sér hugmyndir erlendis frá. Í byrjun 20. aldar blæs fyrsti húsameistarin, Rögnvaldur Ólafsson, nýju lífi í byggingu timburkirkna með krosskirkjum sínum. Á sama tíma eru fyrstu steinsteypukirkjurnar byggðar og eftir fyrri heimstyrjöld eru nánast engar timburkirkjur byggðar og steinsteypan nær yfirtökum sem byggingarefni kirkna.

Timburkirkjum er hér skipt í fjóra meginflokka eftir gerð þeirra, turnlausar kirkjur, kirkjur með þakturn, kirkjur með forkirkjuturni og krosskirkjur. Innan hvers flokks eru síðan ýms afbrigði en aðeins er unnt að sýna þessi fáu dæmi hér.

Turnlausar

Þessar kirkjur eru klæddar reisifjöl á veggjum en renni-súð á þaki sem oftast er tjörguð. Kórskil eru milli kirkju og kórs og veggir klæddir standpili að innan oftast ómáluðu. Á sumum þessara kirkna eru forkirkjur.

Þakturn

Þakturnarnir hafa mismunandi form eftir stílbrigðum kirknanna og fyrirmyndanna sem eru t.d. dómkirkjan í Reykjavík bæði fyrir og eftir stækkun. Á þeim er oft forkirkja og kór og á veggjum er listapil, vatnslæðning eða bárujárn en listasúð eða bárujárn á þaki. Að innan eru þær oftast klæddar málaðri spjaldsúð og brjóstþili. Að utan eru þær elstu tjargaðar en þær yngri málaðar.

Forkirkjuturn

Forkirkjuturnarnir ganga misjafnlega langt út úr vesturstafni. Veggir eru hærri en áður og eru klæddir listapili, vatnslæðningu eða bárujárn og bárujárn er á þaki. Að innan eru veggir klæddir panel eða málningarpappa sem stundum er með marmaralíkingu. Í þeim stærri eru setu-loft með veggjum.

Krosskirkjur

Hinar þrjár krosslögðu kirkjur Rögnvalds bera sterk einkenni frá sveitser. Þær eru ýmist klæddar timbri eða bárujárn að utan en panel að innan.



85 Svalbarðskirkja, nú á Minjasafninu á Akureyri, er byggð 1846 af Þorsteini Daníelssyni frá Skipalóni.



86 Staðarkirkja á Reykjanesi á Barðaströnd er byggð 1864 af Daníel Hjaltasyni.



87 Álftaneskirkja á Mýrum er byggð 1904 af Baldri Benediktssyni.



88 Hjarðarholtskirkja í Dölum eftir Rögnvald Ólafsson húsameistara er byggð 1904.

Steinsteypuhús



89 Verkamannabústaðir við Hringbraut frá 1936-7.

Inngangur

Við stækkun dómkirkjunnar í Reykjavík á árunum 1847-8 er sement notað í múrhúðun kirkjunnar. Er það í fyrsta sinn sem sement er notað hér á landi svo að vitað sé. Sement ekki notað aftur fyrr en við byggingu Dóm- og hegningarhússins 1871. Eftir þetta fara að birtast greinar í tímaritum um möguleika steinsteypu til húsa-gerðar bæði með því að hlaða þau úr steinsteypum steinum og steypa veggj í mót.

Fyrsta húsið, sem reist var úr steinsteypum steinum, var Garðar á Akranesi árið 1876-82 en gaflhyrnur þess eru steypar í borðamót. Árið 1895 er fyrsta steinsteypu-húsið reist í Sveinatungu í Borgarfirði. Bæði húsinn standa á kjallara hlöðnum úr holtagrjóti. Sigurður Hansson steinsmiður byggði bæði húsinn.

Á fyrstu áratugum steinsteypuhúsa voru því bæði byggð hús úr steinsteypusteinum og veggir steyptir í mót. Í byggingarreglugerð frá 1903 eru steinsteypuhús sögð jafngóð steinhúsum og eftir brunann í miðbæ Reykjavíkur árið 1915 var byggingu timburhúsa settar það miklar skorður í viðauka við byggingarsamþykkt þar að ekki var fært að byggja úr öðru byggingarefni en steinsteypu og steinsteypuöld gekk í garð.

Allt þar til að áhrifa fúnksjónalismans fór að gæta hér í byrjun fjórða áratugarins litu byggingarmenn á steinsteypu sem byggingarefni sem kæmi í stað timburs, grjóts eða múrsteina í húsum. Gerð, uppbygging, útlit og fyrirkomulag steinsteypuhúsa var nánast með sama hætti og timbur- og steinhúsa.

Stórhýsi, sem risu fram undir 1930, voru hönnuð með múrsteinshús í Evrópu sem fyrirmynd en þau voru byggð undir mismunandi stílláhrifum sem réðst m.a. af byggingarefni þeirra og þeim möguleikum og takmörkunum sem þau höfðu. Þessi hús eru flest í nýklassískum stíl þótt fleiri stíllgerða gæti einnig en þessi skilningur á notkun steinsteypu er mjög sérstakur.

Það eru einkum hús eftir arkitektana Guðjón Samúelsson og fyrstu hús Sigurðar Guðmundssonar sem bera þessi einkenni en aðrir hönnuðir fylgdu í kjölfarið. Nefna má sem dæmi um hús Guðjóns Eimskipafélags-húsið frá 1919, stækkun Landsbankans árið 1922-24, Vonarstræti 4 frá 1925, Landsspítalann frá 1925-30 og Landakotskirkju frá 1929. Af húsum Sigurðar má nefna Barnaskóla austurbæjar frá 1925 og Elliheimilið Grund frá 1928.

Þegar fúnksjónalisminn berst hingað um 1930 breytist gerð steinsteypuhúsa verulega. Útlit, gluggasetning og gerð þeirra, yfirborðsmeðhöndlun og fyrirkomulag innandyra varð með allt öðrum hætti. Aðlögun hinnar nýju stefnu að íslenskum aðstæðum skapaði nýja húsa-gerð. Móðernisminn upp úr 1950 hafði í för með sér að alþjóðleg sjónarmið í hönnun húsa náði yfirtökunum en þjóðlegra einkenna gætti lítt.



90 Garðar á Akranesi.



91 Sveinatunga í Norðurárdal.



92 Landspítalinn er byggður 1925-30.



93 Gimli við Lækjargötu.



94 Í byrjun voru steinsteypt hús sléttþússuð að utan og ómáluð eins og þetta hús við Öldugötu.



95 Horngluggi á funkishúsi.

Uppbygging steinsteypuhúsa

Veggir voru steptir í mót af ýmsum gerðum. Járn var lítið notað fyrst í stað nema yfir glugga og hurðir og í gólf en síðar var farið að járnbinda vegg. Steinsteyptir steinar voru einnig notaðir. Áður voru kalksteinar framleiddir í kalkbrennslunni í Reykjavík um nokkurra ára skeið frá 1876 og er hugsanlegt að slíkir steinar hafi verið notaðir í Garða á Akranesi.

Fyrirtækið Mjólnir hóf framleiðslu á steinsteyptum steinum árið 1903. Voru framleiddir stórir steinar sem voru svipaðir að stærð og grágrýtissteinar sem notaðir voru í steinhleðsluhús en framleiðslan lagðist af árið 1907. Gimli við Lækjargötu var byggt í auglýsingarskyni úr slíkum steinum. Árið 1905 hóf fyrirtækið Steinar framleiðslu steyptra steina að svipaðri stærð og múrsteinar. Voru þeir m.a. notaðir í Íslandsbankahúsið og Safnahúsið. Pípuverksmiðja Reykjavíkur tók til starfa árið 1907 og Pípuverksmiðjan árið 1915 sem framleiddi m.a. holsteina, milliveggjasteina og einangrunarsteina úr vikri. Á Akureyri voru framleiddir r-steinar eða vikurholsteinar sem notaðir voru á Norðurlandi frá 1920. Árið 1935 hóf Vikurfélagið í Reykjavík framleiðslu á vikurplötum til einangrunar og vikursteinum til húsbýgginga.

Útveggir eru sléttþússaðir í byrjun og án yfirborðsmeðhöndlunar. Síðar er farið að kústa vegg með sementi og snjósementi sem fékkst í nokkrum litum og er það notað fram 7. áratuginn. Málun húsa hófst fyrir alvöru á 6. áratugnum. Upp úr 1930 er farið að nota perluákast í múrhúðun eða hraunhúðun, steinmulning og skeljasand en eftir 1950 eru veggir að jafnaði sléttþússaðir.

Útveggir eru einangraðir með timburklæðningu með papp og loftrými og síðar með korki og vikurplötum og er einangrunin múrhúðuð. Um 1955 er farið að nota einangrunarplast á vegg og í þök. Þök voru fram að þeim tíma einangruð með hefilspónum, tróði, timbri og papp. Gólf voru gerð úr timbri í fyrstu en á þriðja og fjórða áratugnum er almennt farið að steypa gólf. Í húsum með steipt gólf eru stigar lengi vel gerðir úr timbri.

Gluggar í steinsteypuhúsum eru með sama sniði og í timburhúsum og ramar, póstar og karmar eru strikaðir allt fram til að funkishús eru byggð. Þá tóku við málmgluggar um tíma en síðar timburgluggar með lóðréttum póstum án strikunar eða skrauts og glerflötur er mun stærri en áður. Hurðir eru einnig með svipuðu sniði og í timburhúsum fram á fjórða áratuginn. Þá er farið að nota einspjalda hurðir eða sléttar hurðir í stað fjölspjalda hurða og jafnframt verða allir frágangslistar og gerekti einföld og án skrauts.

Eins og fram hefur komið er fyrirkomulag steinsteypuhúsa í byrjun með mjög svipuðum hætti og timburhúsa og breytist fyrst verulega með tilkomu fúnksjónalismans. Sama gildir um frágang innandyra fyrstu áratugi steinsteypuhúsa.

Sveitser 1915-1930

Fyrstu steinsteypuhúsin eru reist með timburhúsin sem fyrirmynd. Einkennum sveitserhúsa byggðum úr steinsteypu svipar mjög til timburhúsa í sveitserstíl og í bárujárnssveitser, aðeins er skipt um byggingarefni. Húsin eru flest hæð og ris á háum kjallara. Gluggasetning er með sama hætti og á timburhúsum og á þeim er mikið þakskegg. Sökkulbrún er við hæðarskil milli kjallara og hæðar og oft eru steipt vatnsbretti undir gluggum. Inngangur er að jafnaði á gafli og fyrirkomulag innandyra með líkum hætti og í timburhúsum. Þegar frá líður hverfur skraut smám saman og aðeins húsformið minnir á sveitserhúsin.


Húsið við Túngötu 8 í Reykjavík er byggt 1915. Það er hæð með háu risi á lágum kjallara. Stór miðjukvistur er á framhlið en minni á bakhlið. Gengið er í húsið á austurgafli og um inngönguskúr á norðurhlið sem er með svölum yfir. Gluggar eru krosspósta með smárúðottum römmum að ofan og bera einkenni skreytistíls. Þeir sitja reglulega eins og um timburhús væri að ræða og sömu sögu er að segja um herbergjaskipan.

Strandgata 45 á Akureyri er byggt árið 1914. Húsið er hæð með portbyggðu rismiklu þaki á háum kjallara. Stór miðjukvistur er á húsinu og mikið þakskegg. Húsið er tvískipt og gengið í það á göflum og um inngönguskúra á bakhlið. Gluggar eru krosspósta og sitja reglulega paraðir saman á framhlið. Umhverfis glugga er framhleypt brún sem líkir eftir gættum timburhúsa og vatnsbretti við hæðarskil kjallara líkt og á timburhúsum.

Einarshöfn IV á Eyrarbakka er byggt árið 1913. Húsið er hæð með portbyggðu risi á kjallara með miðjukvist. Gengið er í húsið um bíslag á vesturgafli en við norðurhlið er bjárujárnsklædd viðbygging. Þakið er krossreist og hefur mikið þakskegg með útskornum sperruendum. Krosspóstagluggar eru í húsinu og er staðsetning þeirra samhverf og standast á milli hæða.

Læknishúsið á Eyrarbakka er byggt árið 1917. Húsið er hæð með portbyggðri hæð með rismiklu þaki og stendur á kjallara. Gólf í húsinu eru steinsteypt og veggir einangraðir með vikurplötum. Í húsinu eru ein- og tveggja-pósta krossgluggar.

Húsið við Norðurgötu 28 á Akureyri er byggt árið 1925. Það er hæð á lágum kjallara með portbyggðu risi með miðjukvist. Á framhlið er inngangur í húsið. Gluggar sitja samhverft í veggjum en póstum þeirra hefur verið breytt. Húsið er líklega hlaðið úr steiptum steinum en form þess er mjög svipað timburhúsum við sömu götu frá því um aldamótin.



96 Grunnmynd og framhlið Túngötu 8.



97 Strandgata 45 á Akureyri.



98 Norðurgata 28 á Akureyri.



99 Ingólfsstræti 21.



100 Vonarstræti 4.



101 Skólavörðustígur 28.

Nýklassík 1915-1930

Í upphafi steinsteypualdar eru byggð hér á landi hús eftir fyrirmyndum múrsteinshúsa í Evrópu, einkum þó í Danmörku, sem byggð eru í nýklassískum stíl. Uppbygging og gluggasetning þessara húsa tekur þannig mið af múrsteinshúsum en möguleikar steinsteypunnar til frjálsari formmótunar voru ekki nýttir.

Hús þessi bera ýmis klassísk einkenni svo sem hálfslúur á veggjum, bjóra yfir gluggum og jarðhæð eða sökklar húsanna oft strikaðir til að líkja eftir steinhleðslu og á þeim eru yfirleitt valmaþök eða risþök.

Einnig voru byggð hús án klassískskrauts en gluggasetning og form húsanna mjög líkt hinum nýklassísku steinsteypuhúsum sem hér voru byggð.

Ingólfsstræti 21 er byggt árið 1903 og er með fyrstu steinsteyptum húsum í Reykjavík. Húsið er hæð með háu risi og stendur á lágum kjallara. Á því er miðjukvistur. Gengið er í húsið um inngönguskúr við norður-gafl. Gluggar sitja reglulega og eru skreyttir með björum og útbrúnum og á hornum er líkt eftir steinhleðslu. Húsið dregur dóm af skreytingum í nýklassískum stíl en form þess er svipað timburhúsum í sveiturstíl.

Húsið við Hverfisgötu 21 í Reykjavík er byggt árið 1921. Það er tvílyft með háu risi og stendur á lágum kjallara en á miðri framhlið er útskotsbygging með aðalinngangi. Á efri hæð hennar eru bogadregnir rómanskir gluggar en efst eru svalir og miðjukvistur á þaki. Undir þakskeggi er stallaband sem gengur yfir gaflinn. Á hornum er mótað fyrir hleðslusteinum sem oft sjást á múruðum húsum í Evrópu sem byggð eru í nýklassískum stíl. Gluggar eru með krosspósti með smárúðöttum römmum að ofan og bera einkenni skreytistíls.

Við Vonarstræti 4 í Reykjavík var byggt þrílyft íbúðarhús með valmaþaki á árunum 1925-26 eftir teikningum Guðjóns Samúelssonar. Suðvesturhorn þess er ávalt og sitt hvorum megin við það og á hornum eru flatsúlur. Jarðhæð hússins er strikuð láréttum línunum að fyrirmynd múraðra húsa í Evrópu og myndar íburðarmikinn sökkul. Hæðarband skilur sökkul frá efri hæðunum en að ofan skagar fram steipt þakskegg. Að innan er frágangur allur mjög vandaður, marmari á tröppum og veggir einangraðir með korki og múrhúðaðir.

Guðjón Samúelsson teiknaði fleiri hús í nýklassískum stíl. Sem dæmi má nefna húsið við Skólavörðustíg 28. Það er tvílyft á háum kjallara með valmaþaki. Á hornum eru flatsúlur og krosspóstagluggar sitja samhverft í veggjum. Inngangur í húsið er markaður með inn-dregnum boga með bogadregnum glugga efst.

Hús Eimskipafélags Íslands við Pósthússtræti 2 var byggt á árunum 1919-21 eftir teikningum Guðjóns Samúelssonar. Það er fjórlyft bygging með valmabaki. Horn þess að austanverðu eru bogadregin. Jarðhæð er strikuð láréttum línunum en breitt band er á milli hennar og efri hæðanna. Milli horna og gluggaraða næst þeim eru veggfletir einnig strikaðir láréttum fúgum. Milli tvíþósta krossglugga efri hæðanna eru flatsúlur. Húsið var lengt í sama stíl til vesturs um fjögur gluggabil árið 1979 eftir teikningum Halldórs H. Jónssonar arkitekts.

Gamla bíó er byggt árið 1926 eftir teikningum Einaris Erlendssonar húsameistara en þar gæfir klassískra áhrifa mest í húsum hans. Gafhladað með grískum bjór gengur lítið eitt fram úr framhlið hússins og undir því eru flatsúlur. Yfir gluggum eru bjórar og húshliðin skreytt böndum. Hið innra er húsið skreytt klassísku skrauti, spjaldsettu tunnuhvolfi í fordyri og súlum í sýningarsal.

Hótel Borg er byggt á árunum 1928-30 eftir teikningum Guðjóns Samúelssonar. Húsið er 5 hæðir en efsta hæðin er inndregin á framhlið með svölum framanvið. Á húsinu er risþak og á norðurhorni þess er turnbygging með flötum súlum og súlnagöngum undir henni að hluta á jarðhæð. Gluggar jarðhæðar eru bogadregnir en aðrir gluggar krossþósta með einni eða tveimur rúðum í ramma yfir þverþósti.

Húsið við Austurstræti 14 er reist 1928 eftir teikningum Einaris Erlendssonar húsameistara. Húsið er fjögurra hæða verslunar- og skrifstofuhús og ber klassískt skraut undir þakbrúnum og gaffli. Gluggarnir eru tveggja þósta krossgluggar og eru veggfletirnir undir þeim inndregnir og þannig mynduð lóðrétt deiling í útveggi. Á gafflalaði er lágmynd eftir Guðmund Einarsson frá Miðdal.

Einföld steinsteypuhús 1915-1930

Einkenni einfaldra steinsteypuhúsa eru að þau eru fremur lítil, lágreist og oftast án skrauts, allur frágangur er einfaldur og látlaus. Þau eru oft mjög svipuð einföldum bárujárnshúsum að fyrirkomulagi og gerð. Þessi hús voru byggð fram undir 1930 og er víða að finna í gömlum bæjarhlutum um land allt. Einnig má sjá mörg dæmi um steinsteyptar viðbyggingar við timburhús eftir 1915 vegna takmarkana við byggingu timburhúsa í byggingarsamþykkt eða sem bakhús á lóðum timburhúsa.

Húsið við Njálsgötu 58b stendur á baklóð og er byggt árið 1923 eftir teikningum Jens Eyjólfssonar húsasmíðameistara. Það er hæð á háum kjallara með skúrþak en bakhlið hússins brunagafli. Band markar hæðarskil milli kjallara og íbúðarhæðar og steyp vatnsbretti eru undir krossþóstagluggum hússins.



102 Eimskipafélagshúsið.




103 Austurstræti 14.



104 Tjarnargata 3 í Stykkishólmi byggt 1914.



105 Skreyting á húsi Natans og Olsen.



106 Grunnmynd og framhlið Nýja bíós.



107 Hús Egils Jacobsen við Austurstræti 9.

Skreytistíll 1915-1930

Einkenni húsa, sem byggð eru undir áhrifum skreytistíls, eru einkum að þau hafa mansardþak með valma og sveig við þakskegg, karnap- eða svalaútbýggingar, eru oft ósamhverf og hafa oftast krosspóstaglugga með smárúðöttum römmum að ofan. Veggir eru skreyttir ríkulega með skrauti með fyrirmyndum úr náttúrunni, blómum, dýrum eða mannsmyndum sem formuð voru með bogadregnum línunum sem áður höfðu ekki sést í byggingarlist, gjarnan í abstraktformum.

Áhrifa þessa stíls gætti lítið hér á landi að undanskilinni gluggagerðinni sem var notuð í mörg hús, bæði úr timbri og steinsteypu. Það eru mörg dæmi um hús sem eru lítið eitt smituð af þessum stílahrifum en varla nokkurt byggt eingöngu eftir þeim.

Stórhýsi Natans og Olsen við Austurstræti 16 var byggt árið 1916 eftir teikningum Guðjóns Samúelssonar. Húsið ber nokkur stíleinkenni. Gluggagerð og skreytingar jarðhæðar bera einkenni skreytistíls og enn fremur stuðlar milli glugga á turni. Aðrir gluggar hússins, kvistir og bogadregin útbýgging bera hins vegar einkenni nýbarokks.

Nýja bíó var byggt við Austurstræti 22b árin 1919 -20 eftir teikningum Finns Thorlacius húsasmíðameistara. Aðalinngangur var frá Austurstræti en árin 1945-47 var húsið stækkað með 5 hæða viðbyggingu sem sneri út að Lækjargötu. Bogadregið hús Finns og skraut þess bar einkenni skreytistíls.

Hús Egils Jacobsen við Austurstræti 9 var byggt árið 1920 eftir teikningum Jens Eyjólfssonar byggingameistara. Húsið átti að vera fjórar hæðir en aðeins tvær hæðir voru byggðar. Húsið er skreytt með sérstöku skrauti, skeljum, krossböndum og stuðlum í steinsteypu og múrhúðun hússins en efst trónir bjór gerður undir barokkáhrifum. Guðmundur Einarsson frá Miðdal mótaði skrautið eftir teikningum Jens. Stórir gluggar veita mikilli birtu inn í húsið. Þeir eru óskiptir nema að ofan þar sem eru sveigðir fingerðir sprossar.

Við Hafnarstræti 9-11 var byggt þrílyft hús árið 1928 eftir teikningum Guttorms Andréssonar byggingameistara. Gluggagerð hefur einkenni skreytistíls svo og skel sem mótuð er til skrauts á miðjukvisti.

Nýbarokk 1915-1930

Einkenni þessara húsa, sem flest eru einbýlishús, eru að þau skiptast oftast í kjallara, hæð og ris með inngangi um sérstaka forstofubyggingu á gaflri með svölum yfir. Einkenni húsanna er enn fremur stór kvistur á framhlið og bakhlið, rismikið þak með bogadregnum göflum og kvistum sem eru oft skreyttir ásamt gluggabrúnum með upphleyptum brúnum.

Stærri hús hafa hins vegar há valmapök. Gluggar, sem að jafnaði eru krosspósta, hafa gjarnan smáar rúður í efra fagi og stundum einnig í neðra fagi, sem einkennir glugga barrokk tímans og sjást m.a. í steinhúsunum. Einbýlishúsin eiga sér oftast fyrirmyndir í dönskum múrarameistaravillum sem aftur áttu sér enskar og þýskar fyrirmyndir. Einbýlishúsin eru flest reist af velstæðum borgurum og skipstjórum á uppgangsárum togaraútgærðar.

Húsið við Bárugötu 2 er byggt árið 1922 eftir teikningum Einars Erlendssonar húsameistara. Húsið er hæð með portbyggðu rismiklu þaki og miðjukvist og stendur á háum kjallara. Gluggar þess bera flestir einkenni skreytistíls. Inngangur er um forstofubyggingu á vesturgafli sem er með svölum á þaki. Upphleyptar skreyttar brúnir umhverfis glugga og á göflum gefa húsinu einkenni nýbarokks.

Sjúkrahúsið á Ísafirði er byggt á árunum 1924-5 eftir teikningum Guðjóns Samúelssonar. Það er tvílyft með rismiklu valmapaki á háum kjallara. Á framhlið er bogadreginn karnap með súlum við hurð og bogadregnum bjór yfir og svölum efst. Á bakhlið er framskotsgafl með mansardþaki. Gluggar hússins eru smárúðottir og bogadregnir kvistir á þaki.

Túngata 18 er reist árið 1922 eftir teikningum Guðjóns Samúelssonar. Húsið er tvær hæðir á kjallara með háu valmapaki. Á framhlið er framskotsgafl með burst skreyttri í barokkstíl. Gluggar og skraut þeirra báru einnig einkenni barokkstíls, en hefur verið breytt.

Húsið við Kirkjuveg 5 í Hafnarfirði er byggt árið 1923 eftir teikningum Guðjóns Samúelssonar en síðar var húsið stækkað. Húsið er hæð með portbyggðu risi á háum kjallara. Á miðri framhlið er kvistur og þak hússins er rismikið með hálfum valma. Gluggar eru krosspósta barokkgluggar með 20 smárúðum. Yfir inngangi á gaflri er bogadreginn bjór.

Húsið við Barónsstíg 30 á horni Bergþórugötu er byggt árið 1920 eftir teikningum Þorláks Ófeigssonar húsa-smíðameistara. Húsið er tvílyft á kjallara með portbyggðu risi. Á framhlið er miðjukvistur og eru brúnir hans og gaflar bogadregnir í daufum nýbarokkstíl. Gluggar eru ein- og tvípósta krossgluggar sem sitja samhverft í veggjum. Húsin við Bergþórugötu 33 og 41 eru einnig eftir Þorlák Ófeigsson og eru með svipuðu sniði.



108 Bárugata 2.



109 Gamla sjúkrahúsið á Ísafirði.



110 Kirkjuvegur 5 í Hafnarfirði.



111 Barónsstígur 30, til hægri á myndinni.



112 Héraðsskólinn á Laugarvatni.



113 Þóroddsstaðir við Öskjuhlíð.



114 Korpúlfsstaðir við Gufunes.



115 Stuðlar á Þjóðleikhúsinu.

Þjóðernisrómantík 1920-1930

Hús byggð undir áhrifum þjóðernisrómantíkur eru fyrst og fremst hús byggð með burstabæinn sem fyrirmynd. Reynt var að skapa þjóðlegan byggingarstíl með fyrirmynd í íslenskri byggingarhefð. Húsin eru án skrauts, standa á háum sökkli og hafa bratt þak sem skipt er upp í stóra kvisti eða burstir.

Það var einkum Guðjón Samúelsson sem teiknaði hús í þessum stíl og lagði línurnar fyrir þá sem á eftir fylgdu. Í skipulagstillögum hans fyrir sjávarþorp t.d. Bolungarvík gerði hann ráð fyrir byggingu húsa af þessari gerð. Hugmyndafræðin var einkum sótt til The English Garden City Movement.

Til sveita voru einnig byggð mörg hús með þessum einkennum en þekktastur er án efa Þingvallabærinn sem upphaflega var þrjár burstir en var síðan lengdur um tvær.

Héraðsskólinn á Laugarvatni er byggður 1929-32. Húsið er myndað úr 6 burstum, 4 jafnháum í miðju en 2 lægri til endanna tengdar með millibyggingu. Á norðurhlíð er sjöunda burstin sem stendur framur en hinar og myndar inngang og stíghús. Húsið er kjallari, hæð og ris með baðstofu lofti yfir. Gluggar eru krossþosta og sitja samhverft í veggjum.

Þóroddsstaðir í Reykjavík eru byggðir árið 1927 af Guðmundi Jónassyni en þá var búskapur rekinn þar.

Annað þekkt dæmi eru Korpúlfsstaðir við Gufunes. Þar byggði Thor Jensen stórhýsi fyrir búrekstur á árunum 1925-30 eftir teikningum Guðmundar H. Þorlákssonar byggingameistara og Sigurðar Guðmundssonar arkitekts. Á húsinu eru þrjár stórar burstir, ein í miðju og tvær til endanna en auk þeirra eru tvær minni sitt hvorum megin við miðburstina. Til að átta sig á stærð hússins má geta að þar voru 39 herbergi fyrir vinnufólk, matsalur fyrir 70 manns og þegar reksturinn stóð með mestum blóma voru þar 300 mjólkandi kýr.

Í mörgum verka Guðjóns Samúelssonar gætir einnig annarra einkenna sem kenna má við þjóðernisrómatík. Það er einkum yfirborðsmeðferð og skraut á húsum sem sótt er í íslenska náttúru. Þekktust er án efa notkun hans á stuðlum utan á Þjóðleikhúsið og þúsning þess að utan með íslensku steinefni. Þá aðferð notar hann við fleiri byggingar til dæmis skóla og aðrar opinberar byggingar sem hafa þó klassísk megininkenni.

Fúnkis 1930-1960

Upp úr 1920 fer að gæta mikillar gagnrýni í Evrópu á stefnur í byggingarlist sem byggðu á fornum hefðum og voru þær sagðar úreltar. Byggingar fyrir nútímamanninn áttu að vera einfaldar og án óþarfa skrauts með nægu rými og vera heilsusamlegar og hannaðar þannig að sólar nyti sem best. Grunnmynd og notkun húsanna var aðalatriðið en útlit þeirra átti að sýna notkun þeirra.

Steinsteypan var óðum að ná yfirtökum sem aðalbyggingarefni í stað múrsteina á meginlandi Evrópu. Hún gaf allt aðra möguleika við byggingu húsa en áður og nýta átti tæknina til hins ýtrasta og nota eins lítið af byggingarefni og hægt var og aðeins það sem nauðsynlegt var. Skipulag bæja tók einnig mið af þessum hugmyndum og nægjanleg sól og útivistarsvæði við húsinn voru skilyrt. Almennungur átti að fá ódýrar íbúðir sem uppfylltu þessar kröfur. Þessi hugmyndafræði þróaðist síðan í sérstakan stíl fúnksjónalismann eða notagildisstefnuna.


Í þessari umfjöllun er fjallað um fúnksjónalismann í þremur köflum. Í fyrsta kafla er fjallað um tímabilið Fúnkis 1930-60 og sagt frá fyrstu áhrifum fúnksjónalismans hér á landi og aðlögun að íslenskum aðstæðum. Í öðrum kafla er fjallað um norræn áhrif á tímabilinu 1950-60. Í þriðja kafla er fjallað um tímabilið 1950-70 þegar áhrifa alþjóða fúnksjónalisma gætir að nýju undir heitinu módernismi.

Fúnkishúsin hér voru í upphafi harla lík því sem gerðist annars staðar í Evrópu en þróuðust fljótt í að hafa séríslensk einkenni. Hér á landi var aðlögun að aðstæðum einkum bundin við yfirborðsmeðferð útveggja sem var aðallega hraunpússning, skeljasandur og steinmulningur. Þök húsanna urðu lágreist valmáþök klædd skífum eða bárujárnri með steiptum þakköntum í stað flötu þakanna og útlísthönnun húsanna varð hefðbundnari.


Annars staðar á Norðurlöndum átti svipuð þróun sér stað, fúnksjónalisminn tók smám saman mið af þjóðlegri byggingarhefð og byggingarefnum og mannlegar þarfir og umhverfi varð mikilvægur þáttur í skipulagi bæja og hönnun húsa.

Fúnksjónalisminn kom fram á þeim tíma þegar mikill fólksflutningur átti sér stað úr dreifbýli til þéttbýlis og mikil uppbygging átti sér stað. Frá þessum tíma gætir skipulagsgerðar fyrst fyrir alvöru og hægt var að fylgja eftir skipulagshugmyndum með byggingu svipaðra húsa við sömu götu eða í heilum hverfum. Má þar nefna sem dæmi Hlíðarnar og Norðurmýri í Reykjavík.


Sigurður Guðmundsson arkitekt var boðberi hinna nýju hugmynda með einbýlishúsi við Garðastræti 41 sem hann teiknaði árið 1929 fyrir Ólaf Thors.



116 Upprunalegt útlit Garðastrætis 41.



117 Verkamannabústaðirnir við Hringbraut eru byggðir 1936-7 eftir teikningum Gunnlaugs Halldórssonar arkitekts.



118 Grunnmynd tvíbýlishúss eftir Einar Sveinsson ark.



119 Verkamannabústaðir við Rauðarárholt.



120 Íbúðarhús við Helgamagrastræti á Akureyri eftir Þóri Baldvinsson arkitekt.

Grunnmyndir fúnkishúsa einkennast í byrjun af skála eða holi sem komið er inn í frá inngangi og þaðan er gengið í önnur herbergi. Áður fyrr var algengt að gengið væri úr einu herbergi í annað án en síðar varð algengt að gangur með herbergjum á hvora hönd lægi inn af inngangi.

Á grunnmynd tvíbýlishúss eftir Einar Sveinsson arkitekt sést dæmigert fyrirkomulag fúnkishúsa á fjórða áratugnum. Inn af holi er gangur sem tengir saman eldhús og borðstofu, svefnherbergi og baðherbergi sem er vísir að skiptingu íbúða í svefn- og dagálmu. Aðgreining svefn- og dagálmu varð greinilegri undir lok 5. áratugarins og sérstaklega er líða tók á 6. áratuginn.

Þök voru flöt í byrjun en síðar urðu þau lágrest með valma. Gluggasetning var mun frjálzari en áður og eiginleikar steinsteypunnar nýttir til að staðsetja glugga þar sem þeirra var þörf. Horngluggar urðu mjög algengir og var ýmist póstur á horninu eða steypt súla. Gluggar voru í fyrstu gerðir úr járni en síðan úr timbri og skipt upp með lóðréttum póstum.

Framan af voru húsin ómáluð en voru síðar þússuð með hraunþússningu, skeljasandi eða steinmulningi úr t.d. kvarsí eða hrafntinnu og undir lokin eru húsin sléttþússuð og sum hver fá háreist þak. Á húsunum voru oft bogadregnar svalir. Á fjórða áratugnum er samhverfa orðin algeng í útliti húsanna og þannig er smám saman horfið aftur til hefðarinnar sem gagnrýnd var í upphafi.

Bygging sérstakra verkamannabústaða hófst hér á landi árið 1931 eftir að lög um byggingu þeirra voru samþykkt á Alþingi 1929. Á árunum 1936-7 voru byggðar 72 verkamannabúðir á reit milli Hringbrautar, Hofsvallagötu og Ásvallagötu í Reykjavík eftir teikningum Gunnlaugs Halldórssonar arkitekts. Þar er bæði stuðst við hugmyndafræði fúnkis við skipulag reitsins og hönnun húsanna.

Gengið er inn í húsin um garð sunnan megin og húsröðin meðfram Hofsvallagötu er stölluð svo að sólar nyti þar betur. Húsin eru tvær hæðir á lágum kjallara og þök þeirra eru með lágu risi. Veggir eru hraunþússaðir en undir gluggum eru sléttþússuð vatnsbretti. Í hverjum glugga er einn láréttur póstur og lítill opnanlegur rammi efst. Fyrirkomulag íbúða er þannig að dagstofan snýr að garði í suðri en eldhús og svefnherbergi að götu.

Við Rauðarárholt í Reykjavík voru byggðar 262 íbúðir á vegum Byggingarfélags verkamanna á árunum 1939-54 eftir teikningum arkitektanna Bárðar Ísleifssonar og Guðjóns Samúelssonar. Húsin eru flest tvær hæðir með kjallara og með lágu valmaþaki. Í lokaáfangu eru hins vegar reist þriggja hæða hús með háu risi. Það dæmi sem sýnt er hér, þriggja herbergja íbúðir með eldhúsi við gafl, er einnig að finna við Skúlaskeið í Hafnarfirði.

Húsin eru tvær hæðir með lágu valmaþaki. Inngangur er á gafl og sameiginlegur gangur og stigi upp á efri hæð og niður í kjallara þar sem eru geymslur, þvottahús og íbúðarherbergi. Húsin eru múrhúðuð með skeljasandi og gluggar sitja við horn. Hið innra skiptast íbúðir í forstofu þaðan sem gengið er í önnur herbergi, baðherbergi og svefnherbergi norðan megin, eldhús við gafl og tvær stofur sunnan megin.

Þórir Baldvinsson arkitekt hóf störf hér á landi árið 1930 og teiknaði mörg merk hús í funkisstíl, meðal þeirra Alþýðuhúsið í Reykjavík sem reist var 1936. Við Egilsgötu í Reykjavík voru reist íbúðarhús árið 1933 eftir hann fyrir kennarasamtökin. Húsin eru tvílyft með flötu þaki og stölluð til endanna þar sem komið er fyrir stórum svölum. Fyrstu starfsárin vann Þórir reyndar á Teiknistofu landbúnaðarins og hannaði margar byggingar til sveita. Þegar hafa verið nefnd timburhús eftir hann sem reist voru við Ásvallagötu, en nokkur húsanna þar eru byggð úr steinsteypu. Svipuð steinsteypuhús eftir hann voru reist á Akureyri 1935.

Á Akureyri reisti Tryggvi Jónatansson múrarameistari heilstæða þyrpingu hús við Ægisgötu eftir eigin teikningum árin 1936-39. Húsin eru ein hæð, fremur lágreist með valmaþaki og flest byggð úr r-steinum. Þeim svipar í útliti til húsa er Þórir Baldvinsson teiknaði á svipuðum tíma og reist voru víða til sveita.

Á árunum 1943-48 reisti Búnaðarbanki Íslands skrifstofubyggingu við Austurstræti 5 í Reykjavík eftir teikningum Gunnlaugs Halldórssonar arkitekts en Skarphéðinn Jóhannsson arkitekt teiknaði húsgögn og innréttingar. Húsið er talið eitt hið besta dæmi um byggingu í funkisstíl frá fyrri hluta funkistímabilsins. Það er með fyrstu húsum hér á landi þar sem notast er við burðarsúlur inni í húsi til að bera gólf og þak. Framhlið hússins mátti því móta óháð burðarvirki þess. Afgreiðslurými bankans á jarðhæð nær á milli Austurstrætis og Hafnarstrætis og er það tveggja hæða hátt þegar komið er inn úr anddyri.

Gífurleg uppbygging átti sér stað á þessum árum, skólar, sjúkrahús, íbúðarhús og margs konar opinberar byggingar voru reistar. Með glæsilegri mannvirkjum frá þessum árum í funkisstíl eru stíflumannvirki og stöðvarhús Ljósafossvirkjunar. Þau eru byggð árið 1935 eftir teikningum Sigurðar Guðmundssonar arkitekts.



121 Íbúðarhús við Ægisgötu á Akureyri eftir Tryggva Jónatansson múrarameistara



122 Afgreiðslurými Búnaðarbankans við Austurstræti.



123 Ljósafossvirkjun




Norræn áhrif 1950-1960

Um 1950 fer að gæta nýrra áhrifa í húsagerð. Þau urðu meðal annars sýnileg í byggingu smáhúsa og raðhúsa sem reist voru til að vinna bug á húsnæðiseklunni og þá sérstaklega í Reykjavík. Reist voru hús til sölu á almennum markaði, hús fyrir efnalitlar fjölskyldur og hús sem eigendur byggðu að mestu leyti sjálfir.

Fyrirmyndir þessara húsa má að einhverju leyti rekja til Norðurlanda en þangað sóttu arkitektar einkum menntun sína þá. Á Norðurlöndum þróaðist fúnksjónalisminn fljótlega eins og hér á landi frá alþjóðahyggju í þjóðlegan stíl sem tók mið af aðstæðum heimafyrir.

Einkenni þessara húsa er meðal annars að þar gætið annarrar yfirborðsmeðferðar en tíðkast hafði um skeið, veggir eru ýmist sléttþússaðir eða ópússaðir en málaðir. Gluggasetning er hefðbundin en gluggum stundum skipt upp í smáa reiti. Þök eru ýmist með lágu risi eða krossreist með mikið þakskegg oft með kringdum sperruend-um eða einhalla skúrþök með litlum halla.

Á sama tíma fór aftur að gæta áhrifa frá alþjóðlegum fúnksjónalisma sem fjallað verður um síðar undir heitinu módernismi.



124 Áfangahús í Smábúðahverfi eftir Gunnar Ólafsson arkitekt.



Árið 1952 var haldin samkeppni um smáhús með stækkunarmöguleika sem eigendur gætu byggt sjálfir. Gunnar Ólafsson arkitekt hlaut fyrstu verðlaun og mörg hús í Smábúðahverfi í Reykjavík eru byggð eftir tillögum hans. Húsin eru á einni hæð og með lágu risi og stundum er kjallari undir þeim. Þakskegg er mikið og sperruendar sýnilegir, gluggar með lóðréttum pósti en á stofum eru einnig margpósta gluggar. Húsin eru byggð úr ójárnbentri steinsteypu, einangruð að innan og veggir sléttþússaðir utan sem innan.

Í sama hverfi voru einnig byggð raðhús og stærri hús, hæð á háum kjallara með háu risi eins og sjá má þar og víða um land.

Árið 1954 voru byggð raðhús við Skeiðarvog í Reykjavík eftir teikningum Sigvalda Thordarson arkitekts. Hverri íbúð er skipt í kjallara, hæð og rishæð og er grunnflötur hvernar hæðar 58 m². Garðmegin er húsið tvær hæðir en götumegin er efri hæðin undir súð.



125 Raðhús við Skeiðarvog eftir Sigvalda Thordarson arkitekt.

Við skil milli íbúða garðmegin er steypur veggur sem myndar skjól á svölum annarrar hæðar en undir þeim er útbygging frá stofu. Raðhúsin eru steipt í krossviðarmótum og eru veggir ópússaðir en málaðir.

Móðernismi 1950-1970

Um og eftir 1950 fer að gæta að nýju áhrifa alþjóðlegs fúnksjónalísma og annarra áhrifa hér á landi. Í þessari umfjöllun er fjallað um hús sem byggð eru fram undir 1970.

Í húsum eftir 1950 sjást merki um aðrar áherslur en áður og stál, timbur og gler er notað meira með steinsteypu. Í veggjum sjást oft burðarvirki húsanna, undir gluggum eru veggir þynnri og málaðir í öðrum litum en aðrir veggir húsanna sem oftast eru ljósir. Þök eru einhalla með lágu risi eða tvíhalla og sum halla inn að miðju húsanna en einnig bar mikið á flötum þökum á ný. Stórir gluggaflétir eru algengir og í einbýlishúsum eru gluggar oft frá gólfi upp undir þak og innri rými hússins og garðsins, náttúrunnar, renna saman.

Samhliða þessum breytingum, einkanlega þegar fer að líða á 6. áratuginn, fer að bera meira á öðrum formum, andstæður berandi hluta byggingar og léttra hluta verða meiri. Burðarvirki húsa er sýnilegra en áður, steyptir bitar eða límtrésbítar ganga út fyrir vegg og undirstrika uppbyggingu húsa. Þessi hús eru oft ópússuð og ýmist ómáluð eða hvítmáluð. Einnig er lögð meiri áhersla á að nota óvarða steinsteypu, sjónsteypu, og hún mótuð á ýmsan hátt með því að setja lista í steypumótin.

Mikið var byggt af raðhúsum, þrí- og fjórþýlishúsum, fjölþýlishúsum og 1955 er hafin bygging 8-12 hæða háhýsa í Heimahverfi í Reykjavík til að vinna bug á húsnaðiseklunni. Þessi hús ásamt fjölda annarra bygginga eru byggð undir hinum nýju áhrifum. Sem dæmi um önnur slík hús má nefna skrifstofu- og verslunarhúsið við Austurstræti 17 sem byggt er árið 1963 eftir teikningum Bárðar Daníelssonar arkitekts. Burðarkerfi hússins er súlur og bitar sem bera gólf hússins en framhliðin er úr stáli og gleri og er þetta eitt af fyrstu húsum sem þannig er byggt.

Reykjavíkurborg byggði fjölda raðhúsa í byrjun 6. áratugarins í Bústaðahverfi eftir teikningum Gísla Halldórssonar arkitekts. Íbúðirnar skiptast í 2 hæðir og kjallara, eldhús og stofa eru á jarðhæð en svefnherbergi og bað á annarri hæð en þvottahús og geymsla í kjallara. Grunnflötur hverrar hæðar er 43 m². Húsin eru með lágreistu einhalla þaki og burðarvirki þeirra er gert sýnilegt í útliti. Veggir eru ópússaðir og málaðir.

Í Kópavogi voru reist einbýlishús eftir skipulagi og teikningum Sigvalda Thordarson arkitekts á 6. áratugnum þar sem gætur nýrra viðhorfa í hönnun íbúðarhúsa. Útveggir eru ýmist berandi eða léttir og byggingu húsanna var skipt í tvo áfanga svo unnt væri að stækka þau þegar með þurfti. Húsin voru einnig hönnuð með það fyrir augum að einstaklingar gætu staðið að byggingu þeirra sjálfir að nokkru leyti. Fyrri áfangi var kjallari og hæð með stofu, eldhúsi, baði og svefnherbergi en í síðari áfanga voru þrjú svefnherbergi og baðherbergi. Húsin eru byggð úr steinsteypu eða holsteini en gavlveggur stofu er úr timbri og á húsunum eru einhalla lágreist þök.



126 Austurstræti 17 eftir Bárð Daníelsson arkitekt.



127 Raðhús við Bústaðaveg eftir Gísla Halldórsson arkitekt.



128 Einbýlishús í Kópavogi eftir Sigvalda Thordarson arkitekt.



129 Einbýlishús í Arnarnesi eftir Guðmund Þór Pálsson arkitekt.



130 Raðhús við Látraströnd eftir Björn Ólafs arkitekt.



131 Einbýlishús í Arnarnesi eftir Manfreð Vilhjálmsson arkitekt.



132 Einbýlishús í Garðabæ eftir Högnu Sigurðardóttur arkitekt.

Á 6. áratugnum verður krafan um að hver fjölskyldu-meðlimur hafi sitt eigið svefnherbergi stöðugt háværi og svefnherbergin fara minnkandi samhliða því að þeim fjölgar og stærðarmunur milli stofa og svefnherbergja eykst. Á 7. áratugnum og síðar heldur grunnmynd íbúða áfram að þróast og eiginleg herbergjaskipan breytist og herbergi eru sameinuð. Stofa, borðstofa og eldhús verða oft að einu rými og veggir milli svefnherbergja eru gerðir úr léttum efnum eða rennihurðum sem auðvelt er að flytja eða fjarlægja.

Í Arnarnesi er einbýlishús eftir Guðmund Þór Pálsson arkitekt sem er samsett af fimm samtengdum byggingum. Hið ytra eru húsin sem höggmynd á að líta með stórum gluggaflötum, sumir með ramma umhverfis í hvítum steinveggjunum. Hér hefur hvert hús sína notkun sem það er sérhannað fyrir.

Raðhús við Látraströnd á Seltjarnarnesi sem byggð eru árið 1967 eftir teikningum Björns Ólafs arkitekts einkennast af stórum glerflötum milli stórra veggflata sem eru áhrifameiri vegna þess að húsin stallast innbyrðis. Húsin eru á þremur pöllum og fyrirkomulag innanhúss opið og einfalt að breyta því þar sem allir innveggir eru úr léttum efnum. Þök húsanna hafa lágan þakhalla inn að garðinum.

Manfreð Vilhjálmsson arkitekt hannaði einbýlishús sem byggt er árið 1964 í Arnarnesi þar sem hann sækir fyrirmynd að uppbyggingu hússins til torfhúsa. Útveggir hússins eru steinsteyptir en innan við þá eru burðarsúlur sem bera þakið. Grunnmynd hússins er vinkillaga og er það tiltölulega lokað að sjá frá götu en garðmegin eru gluggar frá gólfi til þaks og innirými og garður renna saman í eitt. Í annarri álmu hússins er stofa en í hinni svefnherbergi, eldhús, borðstofa, baðherbergi o. fl. Í steipta vegg hússins eru mótaðar lóðréttar rákir en milli veggja og þaks, sem er flatt, eru mjóir gluggar sem draga fram léttleika hússins.

Í Garðabæ er sérstakt einbýlishús byggt árið 1968 eftir teikningum Högnu Sigurðardóttur arkitekts. Húsið er lagað að landslagi og umhverfi og við hönnunina hefur verið leitað fyrirmynda í íslenskrri byggingarhefð en efnismeðferð og útfærslur eru með nýjum hætti. Hið ytra virkar húsið sem höggmynd sem rís upp úr landslaginu. Hið innra er húsið nánast eitt stórt rými með arinn í miðju þess og ofanljós meðfram skorsteininum. Hið stóra rými er unnt að stækka enn frekar með að opna vegg hliðarherbergja.

Steinsteypukirkjur

Fyrsta steinsteypta kirkjan hér á landi var byggð á Ingjaldshóli árið 1903 eftir teikningum Jóns Sveinsonar forsmiðs. Ingjaldshólskirkja og aðrar kirkjur sem síðar risu, allt fram yfir 1970, eru harla líkar þeim kirkjum sem áður voru byggðar úr steini eða timbri. Þær elstu og minnstu eru án turns, forkirkju og kórs, sumar með lítinn þaktur. Algengasta gerð kirkna er hins vegar eins og sú fyrsta sem byggð var úr steinsteypu, langkirkja að grunnformi með hefðbundinni skiptingu í forkirkju, kirkjuskip og kór eins og teikning Oddakirkju sýnir. Miðgangur er fram að kór og prédikunarstóll á mörkum kórs og forkirkju og söngloft við vesturstafn.

Það sem skilur einstakar kirkjur að er einkanlega gerð glugga og turns. Ýmist eru gluggar bogadregnir að rómönskum hætti eða oddmjóir að gotneskum hætti.

Einnig eru dæmi um kirkjur sem hafa grunnmynd gerða með krosskirkjur sem fyrirmynd þó að þær séu langkirkjur í raun eins og Hafnarfjarðarkirkja frá 1914 eftir Rögnvald Ólafsson húsameistara. Enn aðrar eru þrískipa, en súluraðir sem bera þakið skipta þeim í miðskip með hliðarskipum, eins og Þingeyrarkirkja við Dýrafjörð frá 1910 einnig eftir Rögnvald Ólafsson.

Sú kirkja eins og margar þær eldri eru nánast timburkirkjur að innan og frágangur allur sem um timburkirkju væri að ræða.

Notkun hönnuða á steinsteypu í byggingu veraldlegra húsa sem hönnuð voru með múrsteinshús sem fyrirmynd í ýmsum sögulegum stílgerðum endurtekur sig einnig í kirkjubyggingum. Kirkjur voru byggðar með timbur- og steinkirkjur sem fyrirmynd eins og fyrr segir án þess að eiginleikar steinsteypu væru notaðir við nýsköpun í hönnun.

Landakotskirkja byggð 1929 og Hallgrímskirkja byggð 1945-86 eftir Guðjón Samúelsson arkitekt eru báðar byggðar að hluta í nýgotneskum stíl. Fossvogskirkja eftir Sigurð Guðmundsson arkitekt sem vígð var 1948 er hins vegar undir nýrómönskum stílláhrifum.

Um síðir hafði fúnkisstefnan einnig áhrif á hönnun kirkjubygginga. Þar markar Ágúst Pálsson arkitekt mikilsverð tímamót með hönnun Neskirkju í Reykjavík sem byggð er á árunum 1942-57.



Síðar hafa margar kirkjur verið byggðar sem hafa grunnmynd hefðbundinna kirkna að fyrirmynd að nokkru leyti með kirkjurými sem snýr að altari en form kirknanna er hins vegar allt annað en menn áttu að venjast. Sem dæmi má nefna Kópavogskirkju eftir Hörð Bjarnason arkitekt og Hörð Ágústsson listmálara sem vígð var 1962, Bjarnarneskirkju í Nesjum eftir Hannes Kr. Davíðsson arkitekt sem vígð var 1974 eftir langan byggingartíma og Blönduósskirkju sem dr. Maggi Jónsson arkitekt hannaði 1971 en byggð var 1982-86.



133 Sæbólaskirkja á Ingjaldssandi, byggð 1923.



134 Vatnsfjarðarkirkja er byggð 1911-12 eftir teikningum Rögnvalds Ólafssonar húsameistara.



135 Oddakirkja á Rangárvöllum, tillaga frá 1922 eftir Guðjón Samúelsson arkitekt, ekki byggð.



136 Bjarnarneskirkja í Nesjum eftir Hannes Kr. Davíðsson arkitekt.

Heimildaskrá

Arkitektskolens opmålingsrejser; Thvera 1970, Hof i Örnefum 1973. Danmark.

Arkitektúr, verktækni og skipulag, 1 - 1993.

Arkitektúr og skipulag, 3 - 1988, 3 - 1989, 4 - 1990 og 2 - 1990.

Árbók hins íslenska fornleifafélags; 1959, 1961 og 1989.

Árbæjarsafn og teiknistofan Höfði:
Grjótaþorp 1976. Árbæjarsafn 1977.

Baldur Svavarsson og Sigurður Halldórsson:
Boligbyggeri i Island, med særligt henblik på tórvehuset. Arkitektskolen í Oslo, 1981.

Byggekunst, 6 - 1980. Norske Arkitekters Landsforbund.

Byggingarlistin, 1951, 2. hefti, 1956, 1960. Útg. Húsameistarafélag Íslands.

Bygninger, byelementer og bystrukturer i Island. Ragnar Jón Gunnarsson, Guðmundur L. Hafsteinsson, Jakob Líndal og Arne Nielsen. København 1982.

Daniel Bruun: *Fortidsminder og nutidshjem paa Island.* Kbh. 1928.

Danmarks arkitektur; Byens huse - Byens plan, 1979, Enfamiliehuset, 1979, Magtens bolig, 1980. Gyldendal. Danmark.

Gísli Sigurðsson: *Úrval íslenskra einbýlishúsa.* Hlaðhamar, Reykjavík 1967.

Grétar Markússon, Hjörleifur Stefánsson og Stefán Örn Stefánsson: *Bárujárn.* Minjavernd 2, 1995.

Guðmundur Ingólfsson, Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: *Kvosin. Byggingarsaga miðbæjar Reykjavíkur.* Torfusamtökin 1987.

Guðmundur Hannesson: *Um skipulag bæja.* Fylgirit með Árbók Háskóla Íslands fyrir árið 1916.

Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: *Oddeyri. Húsakönnun.* Minjasafnið á Akureyri 1995.

Harald Grytten og Jiri Havran: *Jugendbyen Ålesund.* ARFO, Oslo.

Heimir Þorleifsson: *Frá einveldi til lýðveldis. Íslandssaga eftir 1830.* Bókaverslun Sigfúsar Eymundssonar 1973.

Helge Finsen og Esbjørn Hiort: *Steinhúsin gömlu á Íslandi*. Iðunn, Reykjavík 1978.

Hrefna Róbertsdóttir: *Gamli austurbærinn. Timburhúsabyggð í norðanverðu Skólavörðuholti frá byrjun 20. aldar*. Árbæjarsafn 1989.

Húsafríðunarnefnd ríkisins: Greinargerðir og skýrslur um sögu, ástand og viðgerðir húsa.

Húsakostur og hóbýlaprýði. Mál og menning 1939.

Húsverndun: Torfusamtökin 1986.

Hörður Ágústsson: *Húsakönnun í Stykkishólmi*, 1978.

Hörður Ágústsson: *Kirkjur á Víðimýri*. Sérprent úr Skagfirðingabók 1984.

Hörður Ágústsson: *Íslandsk byggeskik i fortiden*. Nordisk Byggedag X.

Hörður Ágústsson: *Íslensk byggingararfleifð 1750-1940*. Handrit 1996.

Iðnsaga Íslands. Húsagerð á Íslandi eftir Guðmund Hannesson. 1943.

Íslandsk bygningskunst. Arkitektskolen i Aarhus 1994.

Lilja Árnadóttir og Inga Lára Baldvinsdóttir: *Eyrarbakki. Húsakönnun*. Þjóðminjasafn Íslands 1989.

Nikulás Úlfar Másson og Margrét Jónasdóttir: *Byggingarsaga*. Skýrslur Árbæjarsafns XIV og XL, 1993.

Nikulás Úlfar Másson: *Borgarhluti 3. Byggingar og minjar*. Árbæjarsafn. Reykjavík, 1992.

Ljósmyndir Sigfúsar Eymundssonar. Þór Magnússon valdi myndirnar og samdi myndatexta. Rvk. 1976.

Nordisk funktionalism. Arkitektur Förlag, 1980.

Páll Líndal: *Bæirnir byggjast. Yfirlit um þróun skipulagsmála á Íslandi til ársins 1938*. Skipulagsstjóri ríkisins og Sögufélag 1982.

Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund. Saga og sérkenni höfuðborgarinnar í máli og myndum*. Bókaútgáfan Örn og Örlygur hf. 1987.

Pétur H. Ármannsson: *Borgarhluti verður til. Byggingarlist og skipulag í Reykjavík eftirstríðsáranna*. Kjarvalsstaðir, Árbæjarsafn og Ljósmyndasafn Reykjavíkur. 1999.

Pétur H. Ármannsson: *Einar Sveinsson arkitekt og húsameistari Reykjavíkur*. Kjarvalsstaðir. 1995.

Pétur H. Ármannsson: *Heimili og húsagerð 1967-1987*. Almenna bókafélagið, 1987.

Pétur H. Ármannsson: *Sigurður Guðmundsson arkitekt*. Kjarvalsstaðir. 1997.

Safnvisir. Upplýsingablað Byggðasafns Vestfjarða. Ísafjörður, 1995.

Söguspegill. Afmælisrit Árbæjarsafns. Rvk. 1992.

Tímarit Verkfræðingafélags Íslands 1933.

Tore Drange, Hans Olaf Aanensen og Jon Brænne: *Gamle trehus*. Universitetsforlaget 1992.

Þorsteinn Gunnarsson og Kristján Eldjárn: *Um Hóladómkirkju*. Hólanefnd 1993.

Þorsteinn Gunnarsson: *Viðeyjarstofa og kirkja*. Viðey / Reykjavíkurborg 1997.